

# MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU 2013

**Dómareifanir**

1. hefti 2013 (janúar-júní)

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

**Ritstjóri:** Björg Thorarensen  
**Ritnefnd:** Ásgerður Ragnarsdóttir  
Hrafn Bragason

**Mannréttindadómstóll Evrópu**  
**Dómareifanir**  
**1. hefti 2013 (janúar – júní)**

**© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands**  
**ISSN 1670-6145**  
**Ljósmynd á kápu er fengin frá Evrópuráðinu**



**Prentun: Oddi umhverfissvottuð prentsmiðja**

**Útgáfan er styrkt af innanríkisráðuneytinu**

## Frá ritstjóra

Í þessu hefti eru reifaðir nokkrir dómar Mannréttindadómstóls Evrópu frá fyrri hluta ársins 2013 sem verðskulda sérstaka athygli vegna stefnumarkandi túlkunar á ákvæðum Mannréttindsáttmála Evrópu. Þar má nefna dóma sem fjalla um ákvæði í 1. viðauka, 2. gr. um réttinn til menntunar og 3. gr. um réttinn til frjálsra kosninga, en kærur sem dómstóllinn tekur efnislega fyrir um brot á þessum ákvæðum eru fremur fátíðar. Í dómi í máli Tarantino o.fl. gegn Ítalíu frá 2. apríl 2013 fjallaði dómstóllinn um hvort inntökupróf í tilteknar greinar við ítalska háskóla brytu gegn rétti kæranda til menntunar. Eftir að hafa kannað það skipulag sem gildi um inntökupróf í ítölskum háskólum og markmið sem væri stefnt að með aðgangstakmörkunum taldi dómstóllinn að ítalska ríkið hefði ekki farið út fyrir svigrúm sitt til að finna leiðir til að þjóna almannahagsmunum í þessu tilliti.

Í máli Shindler gegn Bretlandi, fékk dómstóllinn til skoðunar hvort sú regla að breskir kjósendur sem missa kosningarrétt í þingkosningum í Bretlandi eftir 15 ára búsetu erlendis, brjóti gegn rétti til frjálsra kosninga samkvæmt 3. gr. 1. viðauka. Í dómi sínum frá 7. maí 2013 fór dómstóllinn yfir röksemdir að baki takmörkunum á kosningarrétti vegna búsetu og taldi ekki raunhæft að ætla aðildarríkjum að taka sérstakt tillit til aðstæðna borgara í hverju tilviki. Almenn tímamörk sem miðuðust við að menn misstu kosningarrétt eftir 15 ára búsetu erlendis væru í samræmi við kröfur um meðalhóf. Því hefði ekki verið brotið gegn rétti kæranda til frjálsra kosninga. Athyglisvert er hvernig dómstóllinn leggur mat á einstaklingsbundinn rétt manna til að taka þátt í kosningum á grundvelli 3. gr. 1. viðauka við sáttmálann. Ákvæðið mælir fyrst og fremst fyrir um skyldu aðildarríkja til að halda frjálsar kosningar með reglulegu millibili. Á síðustu árum hefur dómstóllinn tekið æ fleiri mál til umfjöllunar þar sem deilt er um skilyrði kosningarréttar samkvæmt landslöggjöf í einstaka tilvikum. Þar á meðal eru dómar um að breska ríkið brjóti gegn ákvæðinu með því að svipta fanga kosningarrétti á meðan þeir afplána refsíðoma, sbr. dóm í máli Hirst gegn Bretlandi frá 6. október 2005. Bresk stjórnvöld hafa ekki enn breytt lögum til að bregðast við þeim dómi og nú biða úrlausnar hjá dómstólnum á þriðja þúsund kærur gegn Bretlandi um sama kæruefni.

Á árinu 2013 hafa tveir nýir viðaukar verið samþykktir við Mannréttinda-sáttmála Evrópu, 15. og 16. viðauki. Þeir biða nú undirritunar og staðfestingar aðildarríkja til að geta tekið gildi. Báðir eiga þeir rætur að rekja til yfirlýsingar sem var samþykkt á fundi ráðherranefndar Evrópuráðsins í Brighton á árinu 2012, um framtíð Mannréttindadómstólsins. Meðal breytinga sem ráðgerðar eru samkvæmt 15. viðauka eru að stytta kærufrest til dómstólsins úr sex mánuðum í fjóra og þrengja frekar kæruskilyrði þannig að minni háttar málum verði vísað frá á frumstigi. Ljóst er að þessar tillögur stefna að því að draga úr

möguleikum einstaklinga í aðildarríkjum sáttmálans að fá mál sín tekin fyrir hjá dómstólnum á sama tíma og álagi er létt af honum vegna flóðbylgju mála um siendurtekin kæruefni gegn sömu ríkjum. Til að undirstrika að frumskylda til að tryggja mannréttindi hvílir á aðildarríkjunum sjálfum breytir 15. viðauki einnig inngangsorðum Mannréttindasáttmálans og bætir inn tilvísun til nálægðarreglunnar og reglunnar um svigrúm aðildarríkja til mats. Með 16. viðauka eru þær breytingar gerðar að æðstu dómstólar aðildarríkjanna geta leitað ráðgefandi álits frá Mannréttindadómstólnum í málum sem rekin eru fyrir þeim, ef þar koma upp mikilvægar spurningar um túlkun ákvæða sáttmálans. Tilgangur þessarar breytingar er að gera dómstólum aðildarríkja kleift að leiðrétta heima fyrir möguleg brot á sáttmálanum og um leið að draga þá úr fjölda kærumála um það álitamál til Mannréttindadómstólsins. Sú skipan að innanlandsdómstólar geti leitað ráðgefandi álits frá Mannréttindadómstóli Evrópu felur í sér grundvallarbreytingu á eftirlitskerfi sáttmálans og undirstrikar að nokkru leyti breytta stöðu dómstólsins. Þó er víst að um álit verður að ræða en ekki formlega bindandi úrskurði Mannréttindadómstólsins. Þá verður þetta úrræði valkvætt fyrir aðildarríkin og nægilegt er að tíu ríki fullgildi viðaukann til þess að hann taki gildi.

Laganemarnir Aron Freyr Jóhannsson, Ágústa Flosadóttir og Halldór Hrannar Halldórsson og Gunnar Páll Baldvinsson lögfræðingur, unnu reifanirnar sem hér eru birtar. Eru þeim færðar bestu þakkir fyrir framlagið.

*Björg Thorarensen*

## Efnisyfirlit

### 1. hefti 2013 (janúar–júní)

|                                                                                                |    |
|------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| <b>2. gr. Réttur til lífs</b> .....                                                            | 8  |
| Mehmet Sentürk og Bekir Sentürk gegn Tyrklandi. Dómur frá 9. apríl 2013                        |    |
| <i>Læknisaðstoð. Mistök heilbrigðisstarfsmanna. Jákvæðar skyldur.</i>                          |    |
| <i>Réttur ófæddra barna</i> .....                                                              | 8  |
| Banel gegn Litháen. Dómur frá 18. júní 2013                                                    |    |
| <i>Mannslát af völdum slyss. Jákvæðar skyldur. Rannsókn</i> .....                              | 9  |
| S.A. ofl gegn Svíþjóð. Dómur frá 27. júní 2013                                                 |    |
| <i>Hælisleitendur. Brottvisun. Hætta á manndrápum og ómannúðlegri meðferð.</i> .....           | 11 |
| <b>3. gr. Bann við pyndingum</b> .....                                                         | 12 |
| H og B gegn Bretlandi. Dómur frá 9. apríl 2013                                                 |    |
| <i>Hælisleitendur. Brottvisun. Hætta á pyndingum og ómannúðlegri meðferð</i> .....             | 12 |
| Babar Ahmad o.fl. gegn Bretlandi. Dómur frá 10. apríl 2013                                     |    |
| <i>Framsál fanga. Hryðjuverkastarfsemi. Meðferð í fangelsi.</i> .....                          | 14 |
| Aswat gegn Bretlandi. Dómur frá 16. apríl 2013                                                 |    |
| <i>Framsál fanga. Hryðjuverkastarfsemi. Meðferð geðsjúkra fanga</i> .....                      | 15 |
| Tymoshenko gegn Úkraínu. Dómur frá 30. apríl 2013 (sjá reifun undir 5. gr.)                    |    |
| S.A. ofl gegn Svíþjóð. Dómur frá 27. júní 2013 (sjá reifun undir 2. gr.)                       |    |
| <b>5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi</b> .....                                            | 17 |
| Ostendorf gegn Þýskalandi. Dómur frá 7. mars 2013                                              |    |
| <i>Handtaka. Frelsissvipting. Varðhald til að tryggja efndir skyldu.</i> .....                 | 17 |
| Tymoshenko gegn Úkraínu. Dómur frá 30. apríl 2013                                              |    |
| <i>Skilyrði gæsluvarðhalds. Skaðabætur. Aðbúnaður í fangelsi. Heilsufar fanga</i> .....        | 19 |
| <b>6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi</b> .....                             | 22 |
| Varela Geis gegn Ítalíu. Dómur frá 5. mars 2013                                                |    |
| <i>Sakfelling í refsímáli. Ákæruatriði. Undirbúningur málsvarnar</i> .....                     | 22 |
| Kristiansen og Tyvik A/S gegn Noregi. Dómur frá 2. maí 2013                                    |    |
| <i>Einkaleyfisumsókn. Meðferð máls hjá stjórnvöldum. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma</i> ..... | 23 |

|                                                                                                |    |
|------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| <b>7. gr. Engin refsing án laga</b> .....                                                      | 24 |
| Camilleri gegn Möltu. Dómur frá 22. janúar 2013                                                |    |
| <i>Sakamá. Refsiviðurlög. Skýrleiki lagaákvæða.</i> .....                                      | 24 |
| <b>8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu</b> .....                                          | 25 |
| Röman gegn Finnlandi. Dómur frá 22. janúar 2013                                                |    |
| <i>Ákvörðun um faðerni. Málshöfðunarfrestur.</i> .....                                         | 25 |
| Krisztján Barnabás Tóth gegn Ungverjalandi. Dómur frá 12. febrúar 2013                         |    |
| <i>Ættleiðing. Réttur til fá skorið úr um faðerni. Hagsmunir barns.</i> .....                  | 27 |
| X o.fl. gegn Austurríki. Dómur frá 19. febrúar 2013 (sjá reifun undir 14. gr.)                 |    |
| Bernh Larsen Holding AS o.fl. gegn Noregi. Dómur frá 14. mars 2013                             |    |
| <i>Skattrannsókn. Hlutafélög. Aðgangur að rafrænum gögnum.</i>                                 |    |
| <i>Málsmeðferð.</i> .....                                                                      | 28 |
| M.K. gegn Frakklandi. Dómur frá 18. apríl 2012                                                 |    |
| <i>Söfnun og vistun fingrafara. Skilyrði varðveislu. Meðalhóf.</i> .....                       | 30 |
| Saint-Paul Luxembourg S.A. gegn Luxembourg. Dómur frá 18. apríl 2012                           |    |
| <i>Fjölmíðlar. Húsleit. Heimildarmenn blaðamanns.</i> .....                                    | 32 |
| Gross gegn Sviss. Dómur frá 14. maí 2011                                                       |    |
| <i>Réttur til að deyja. Jákvaðar skyldur.</i> .....                                            | 33 |
| <b>9. gr. Hugsana-, samvisku og trúfrelsi</b> .....                                            | 34 |
| Eweida o.fl. gegn Bretlandi. Dómur frá 15. janúar 2013                                         |    |
| <i>Trúarskoðanir. Samkynhneigðir. Atvinnumissir.</i> .....                                     | 34 |
| <b>10. gr. Tjáningarfrelsi</b> .....                                                           | 37 |
| Eon gegn Frakklandi. Dómur frá 14. mars 2013                                                   |    |
| <i>Mótmæli. Ummæli um þjóðhöfðingja. Refsing.</i> .....                                        | 37 |
| Saint-Paul Luxembourg S.A. gegn Luxembourg. Dómur frá 18. apríl 2012 (sjá reifun undir 8. gr.) |    |
| Animal Defenders International gegn Bretlandi. Dómur frá 22. apríl 2012                        |    |
| <i>Fjölmíðlalög. Auglýsingabann. Stjórnmalastarfsemi.</i> .....                                | 39 |
| <b>14. gr. Bann við mismunun</b> .....                                                         | 40 |
| X o.fl. gegn Austurríki. Dómur frá 19. febrúar 2013                                            |    |
| <i>Samkynhneigðir. Stjúptætleiðingar.</i> .....                                                | 40 |
| <b>18. gr. Takmörkun á skerðingu réttinda</b> .....                                            | 42 |
| Tymoshenko gegn Úkraínu. Dómur frá 30. apríl 2012 (sjá reifun undir 18. gr.)                   |    |
| <b>1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar</b> .....                                         | 42 |
| N.K.M. gegn Ungverjalandi. Dómur frá 14. maí 2013                                              |    |
| <i>Ríkisstarfsmenn. Biðlaun. Skattlagning. Meðalhóf.</i> .....                                 | 42 |

## Efnisyfirlit

---

|                                                                     |    |
|---------------------------------------------------------------------|----|
| <b>2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar</b> .....                | 44 |
| Tarantino o.fl. gegn Ítalíu. Dómur frá 2. apríl 2013                |    |
| <i>Háskólar. Aðgangstakmarkanir.</i> .....                          | 44 |
| <b>3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga</b> .....        | 45 |
| Shindler gegn Bretlandi. Dómur frá 7. maí 2013                      |    |
| <i>Kosningarréttur. Réttindamissir vegna búsetu erlendis.</i> ..... | 45 |

---

## 2. gr. Réttur til lífs

---

**Mehmet Sentürk og Bekir Sentürk gegn Tyrklandi**

**Dómur frá 9. apríl 2013**

**Mál nr. 13423/09**

### **2. gr. Réttur til lífs**

***Læknisaðstoð. Mistök heilbrigðisstarfsmanna. Jákvæðar skyldur. Réttur ófæddra barna.***

#### **1. Málsvik**

Kærendur, feðgarnir Mehmet Sentürk og Bekir Sentürk, eru tyrkneskir ríkisborgarar, fæddir 1966 og 1993. Í mars árið 2000 var eiginkona Mehmet Sentürk komin átta mánuði á leið. Hjónin leituðu á sjúkrahús í Tyrklandi þegar hún byrjaði að finna fyrir verkjum. Ljós móðir taldi eftir skoðun ástæðulaust að vakthafandi læknir skoðaði konuna. Hjónin fóru á annað sjúkrahús þar sem viðbrögð starfsfólks voru hin sömu. Á þriðja sjúkrahúsinu skoðaði þvagfæra-skurðlæknir konuna og voru henni gefin lyf.

Verkirnir minnkuðu ekki og var konan því lögð inn á fjórða sjúkrahúsið. Bráðalæknir skoðaði konuna og lét færa hana yfir á kvensjúkdómadeild þar sem læknar komust að því að barn kærandi var dáið. Eiginkonu kæranda var tjáð að hún þyrfti að fara tafarlaust í aðgerð til að láta taka barnið. Til að aðgerðin færi fram þyrfti hún að reiða fram fé, að jafnvirði um 1.000 evrur, til tryggingar fyrir kostnaði. Þar sem hjónin höfðu ekki ráð á að leggja fram slíka tryggingu var farið með þau á annað sjúkrahús. Læknirinn lét kalla eftir bíl til að flytja konuna á annað sjúkrahús án þess að neinn heilbrigðisstarfsmaður væri með í för. Konan lést á leiðinni á annað sjúkrahús.

Heilbrigðisyfirvöld í Tyrklandi létu fara fram rannsókn á málinu sem leiddi í ljós ábyrgð lækna sjúkrahússins á dauða konunnar og var flutningur hennar á annað sjúkrahús án þess að hún fengi viðeigandi meðferð gagnrýndur og einnig synjunin um aðgerð vegna þess að hún gat ekki reitt fram tryggingu. Engin ákæra var gefin út á hendur læknum vegna meintra brota hans þar sem þau voru talin fyrnd. Aðrir læknar sem komu að málinu voru saksóttir og dæmdir fyrir vanrækslu af dómstólum átta árum eftir atvikið, en þeir dómur voru felldir úr gildi árið 2010 af æðri dómstól þar sem sök læknanna var talin fyrnd,

#### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

##### ***Kæran***

Kærendur héldu því fram að brotið hefði verið gegn 2. gr. sáttmálans þar sem vanræksla tyrkneskra heilbrigðisstarfsmanna hefði brotið gegn rétti eiginkonu og móður þeirra til lífs og sömu réttinda barnsins sem hún bar. Þá töldu þeir að álagið sem þeir sjálfir hefðu orðið fyrir og meðferðin sem eiginkona og móðir þeirra fékk hefði brotið gegn 3. gr. sáttmálans. Loks héldu

## 2. gr. Réttur til lífs

þeir því fram að brotið hefði verið gegn 6. og 13. gr. sáttmálans. Vísuðu þeir til þess að meðferð málsins hefði dregist auk þess sem þeim hefði ekki verið unnt að fá leyst úr málinu hjá tyrkneskum heilbrigðisyfirvöldum eða dómstólum.

### *Niðurstaða*

Dómstóllinn benti á að tyrkneskur dómstóll hefði komist að þeirri niðurstöðu að heilbrigðisstarfsmenn sem tóku ákvarðanir um mál konunnar hefðu sýnt af sér refsiverða háttsemi. Rannsókn tyrkneskra heilbrigðisyfirvalda hefði leitt í ljós nokkur mistök sem lækna hefðu gert og alvarlega ágalla á flutningi konunnar á milli sjúkrahúsa. Dómstóllinn taldi að konan hefði ekki tekið upplýsta ákvörðun um að neita lækni meðferð og að tyrkneskum yfirvöldum hefði borið skylda til að veita henni lækni meðferð. Átti þetta sérstaklega við þegar fullljóst var hversu alvarlegt ástand konunnar var. Taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 2. gr. sáttmálans þar sem eiginkonu og móður kæranda hafði verið neitað um viðeigandi bráðameðferð.

Þá taldi dómstóllinn að rannsókn og meðferð málsins hjá tyrkneskum yfirvöldum og dómstólum hefði einnig brotið gegn 2. gr. sáttmálans, enda hefðu þeir sem gerðu mistökin ekki þurft að axla ábyrgð á þeim.

Dómstóllinn taldi ekki ástæðu til að fjalla um þá spurningu hvort brotið hefði verið gegn rétti hins ófædda barns til lífs. Vísaði dómstóllinn til þess að ekki ríkti samstaða meðal ríkja Evrópu um rétt ófæddra barna til lífs. Líf fósturs væri órjúfanlega tengt lífi móður og þeirri lækni meðferð sem móðirin fengi.

Dómstóllinn taldi að öðru leyti ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um möguleg brot gegn öðrum ákvæðum sáttmálans.

### **Banel gegn Litháen**

**Dómur frá 18. júní 2013**

**Mál nr. 14326/11**

### **2. gr. Réttur til lífs**

***Mannslát af völdum slyss. Jákvæðar skyldur. Rannsókn.***

### **1. Málsatvik**

Kærandi, Venata Banel, er litháenskur ríkisborgari, fædd árið 1970 og búsett í Vilnius. Í júní 2005 lést sonur hennar, þá þrettán ára gamall, af völdum slyss sem hann varð fyrir þegar svalir byggingar féllu ofan á hann þar sem hann var við leik ásamt öðrum börnum. Grunur lék á saknæmri vanrækslu við viðhald byggingarinnar og hófst rannsókn á því máli. Kærandi lagði fram einkakröfu í sakamáli sem höfðað var gegn tveimur borgarstarfsmönnum sem voru taldir hafa sýnt af sér vanrækslu. Málinu var frestað ítrekað til ársloka 2007. Leitt var í ljós að vegna skipulagsbreytinga sem staðið höfðu í stjórnkerfi borgarinnar á þeim tíma sem slysið varð hefði enginn borgarstarfsmaður í raun borið ábyrgð á byggingunni. Var málið gegn borgarstarfsmönnum tveimur því fellt niður. Í nóvember 2009 komst innlendur dómstóll að þeirri niðurstöðu

## 2. gr. Réttur til lífs

að rannsóknin hefði ekki verið nægilega ítarleg sem leitt hafi til þess að ekki tókst að láta þá sem ábyrgð báru á byggingunni svara til saka enda lá ekki fyrir hverjir það voru.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi byggir kæru sína á því að ríkið hafi ekki uppfyllt jákvæðar skyldur sínar við að vernda líf sonar hennar. Enn fremur hélt hún því fram að sakamálarannsóknin hefði ekki boðið upp á raunhæft réttarúrræði í skilningi sáttmálans. Væri því um brot á 2. gr. sáttmálans að ræða.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn benti á að þótt kærandi hefði ekki höfðað einkamál gegn borgaryfirvöldum ásamt sakamálinu þrátt fyrir að hafa verið bent á það af saksóknurum væri ekki hægt að segja að kærandi hafi ekki nýtt réttarúrræði landsréttar. Séu fleiri en eitt úrræði til staðar er það undir einstaklingi komið hvaða úrræði hann nýtir sér að því gefnu að öll úrræðin stefni að sama marki. Þar sem sakamálarannsóknin hélt áfram gat kærandi gert ráð fyrir því að mál hennar væri í réttum farvegi. Þar sem kærandi naut einnig stöðu brotþola í sakamálinu og fór með einkaréttarkröfu í málinu fékk dómstóllinn ekki séð hvernig sjálfstætt einkamál hefði frekar varpað ljósi á málið.

Dómstóllinn benti á að réttur til lífs sem verndaður er í 2. gr. ásamt 3. gr. um bann við pyndingum og ómannúðlegri meðferð taki til eins af grunn-gildum lýðræðissamfélaga Evrópu. Því væri nauðsynlegt að túlka þessi ákvæði sáttmálans svo að þau veiti virka og raunhæfa réttarvernd. Í því skyni skal ríkið ekki einungis virða þessi réttindi borgarans, heldur einnig gera lágmarksráðstafanir til að sjá þess að þau réttindi séu ekki brotin af öðrum á yfirráðasvæði sínu. Þó mega þær skyldur sem lagðar eru á ríkið ekki vera of umfangsmiklar. Dómstóllinn benti á að lagaumhverfi hafi verið til staðar sem átti að tryggja að tilteknir aðilar bæru ábyrgð á að byggingar væru ekki í niðurníðslu. Einnig virtist ríkisstjórnin gera ráð fyrir að borgaryfirvöld í Vilnius bæru ábyrgð á byggingunni. Þrátt fyrir það reyndist ókleift við rannsókn málsins að leiða í ljós hver bar ábyrgð á byggingunni. Dómstóllinn taldi því að rannsóknin hefði ekki verið nægilega ítarleg og brotið á kæranda með vanrækslu við vernd sonar hennar og þar með hefði ríkið brotið gegn 2. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 20.000 evrur í miskabætur og 8.135 evrur í skaðabætur.

**S.A. o.fl. gegn Svíþjóð**

**Dómur frá 27. júní 2013**

**Mál nr. 71680/10, 28379/11, 72413/10, 50859/10, 68411/10, 68335/10, 72686/10 og 66523/10**

**2. gr. Réttur til lífs**

**3 gr. Bann við pyndingum**

***Hælisleitendur. Brottvísun. Hætta á manndrápum og ómannúðlegri meðferð.***

## **1. Málsatvik**

Kærendur eru tíu í átta málum sem hér verður fjallað um saman. Þeir eru allir íraskir ríkisborgarar, frá Bagdad eða Mosul, búsettir í Svíþjóð. Þeir hafa allir sótt um hæli í Svíþjóð. Málin skiptast í tvo flokka, í tveimur halda kærendur því fram að líf þeirra sé í hættu í Írak þar sem þeir hafi verið í sambandi með konum úr andstæðri hreyfingu innan íslam (sunní og shía). Annar þeirra bendir á að konan sem hann átti í sambandi við hafi verið myrt fyrir að hlaupast á brott með honum. Faðir hins kærands hefur að hans sögn veitt leyfi til að sonur sinn verði myrtur.

Í hinum sex málunum halda kærendur því fram að þeir sæti ofsóknum og séu í hættu vegna þess að þeir eru kristnir. Í einu málanna var syni kæranda rænt og fannst hann myrtur nokkrum dögum síðar. Í öðru var kæranda sjálfum rænt og mágkona hans myrt. Í öðru var dóttur kæranda rænt en hún slapp. Öðrum kærendum var hót að þau yrðu drepin ef þau snerust ekki til íslam. Einn kæranda hélt því einnig fram að líf hans væri í hættu sökum samkynhneigðs sambands, en sá sem hann átti í sambandinu við hefur nú verið myrtur. Einn kæranda vísaði til þess að konu hans og barni hefði þegar verið veitt hæli í Svíþjóð.

Umsóknir allra hælisleitendanna voru teknar fyrir og þeim hafnað af sænskum stjórnvöldum á árunum 2009 til 2012. Var vísað til þess að kærendur gætu flust til annarra héraða innan Íraks eða að vandamál þeirra hefðu tengst því ófremdarástandi sem þar ríkti áður, en ástandið færi nú batnandi.

## **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

### ***Kæran***

Kærendur héldu því ýmist fram að þeir ættu á hættu að verða fyrir heiðursmorðum eða ómannúðlegri meðferð, pyndingum eða vanvirðandi meðferð yrðu þeir sendir aftur til Íraks. Væru þeir sendir þangað yrði brotið gegn réttindum þeirra samkvæmt 2. eða 3. gr. sáttmálans.

### ***Niðurstaða***

Dómstóllinn benti á að mál allra kæranda hefðu verið tekin fyrir af sænskum stjórnvöldum og endurskoðun á kærustigi og ákvarðanir um að hafna hælisumsóknunum hefðu verið ítarlega rökstuddar.

Með tilliti til ástandsins í Írak vísaði dómstóllinn til þess að það færi

---

## 2. gr. Réttur til lífs

---

skánandi og heimildir bentu til þess að ástandið eitt og sér óháð aðstæðum einstaklings ylli því ekki að brottvísun til landsins bryti gegn 3. gr. sáttmálans. Því voru mál einstaklinganna skoðuð sérstaklega. Mál þeirra sem áttu í hættu að verða fyrir heiðursdrápum voru metin svo að raunveruleg hættu væri til staðar í héruðunum sem þeir komu frá og yfirvöld væru ekki í stakk búin til að aðstoða þá eða skorti vilja. Hinir kristnu voru metnir sem viðkvæmur minnihluti og í hættu sökum trúar sinnar og stöðu í samfélaginu. Hins vegar mat dómstóllinn í öllum málunum, að flutningar milli héraða innan Írak myndi þjóna sama tilgangi og vera nægjanlegt úrræði til verndar lífi þeirra, hinir kristnu gætu flust til Kúrdistans, en þeir sem áttu yfir höfði sér heiðursdráp gætu flust til annarra héraða.

Sá kærandi sem bar því við að kona hans hefði fengið hæli í Svíþjóð ásamt barni þeirra bar aldrei við friðhelgi einkalífs og fjölskyldu á grundvelli 8. gr. sáttmálans né byggði hann kröfu á þeirri grein. Honum væri hins vegar frjálst að leggja fram nýja kæru fyrir dómstólnum með þeirri málsástæðu.

Í engu tilvikanna taldi Mannréttindadómstóllinn því að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt Mannréttindasáttmálanum.

---

## 3. gr. Bann við pyndingum

---

**H og B gegn Bretlandi**

**Dómur frá 9. apríl 2013**

**Mál nr. 70073/10 og 44539/11**

**3. gr. Bann við pyndingum**

***Hælisleitendur. Brottvísun. Hætta á pyndingum og ómannúðlegri meðferð.***

### 1. Málsatvik

Kærandinn H er afganskur ríkisborgari, fæddur árið 1975. Hann kom til Bretlands 30. október 2008 og óskaði fljótlega eftir pólitísku hæli af ótta við hefndaraðgerðir Talibana og Hizb-i-Islami hreyfingarinnar. Kærandi vísaði til þess að hann væri tengdur afgönskum stjórnvöldum og Sameinuðu þjóðunum. Umsókn kæranda var hafnað mánuði eftir að hún barst. Sú ákvörðun var staðfest af sérstökum dómstól í hælís- og innflytjendamálum. Endurupptökubeiðni kæranda var hafnað í janúar 2010 og dómstólum í júní sama ár.

Kærandinn B er einnig afganskur ríkisborgari. Hann fæddist árið 1988 og flúði Afganistan 30. apríl 2011. Hann kom til Bretlands 2. júní 2011 og óskaði eftir pólitísku hæli degi síðar. Vísaði hann til þess að hann óttaðist aðgerðir Talibana gegn sér þar sem hann hefði starfað sem túlkur fyrir bandaríska herinn og herlið NATO í Afganistan. Málaleitan kæranda var hafnað af breskum útlendingayfirvöldum sem og dómstólum.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærandur héldu því fram að brotið yrði gegn 3. gr. sáttmálans yrði þeim gert að snúa aftur til Afganistan. Kváðust þeir eiga á hættu að verða fyrir árásum af hálfu Talibana og Hizb-i-Islami. Kærandinn B benti á að þeir sem hefðu starfað sem tulkar fyrir bandaríska herinn í Afganistan hefðu orðið fyrir árásum Talibana.

### *Niðurstaða*

Dómstóllinn vísaði til þess að aðildarríkin gætu brotið gegn 3. gr. sáttmálans með því að vísa manni úr landi í aðstæður þar sem hætta væri á að hann sætti illri meðferð. Á hinn bóginn væru það kærandur sem þyrftu að sýna fram á að slík hætta væri til staðar. Varðandi hið almenna ástand í Afganistan tók dómstóllinn fram að ekki væri raunveruleg hætta á að einstaklingur yrði fyrir illri meðferð vegna þess eins að hann sneri aftur landsins.

Að því er varðaði H tók dómstóllinn fram að ónóg gögn lægju fyrir um að Talibanar beindu almennt spjótum sínum að samverkamönnum alþjóðaliðsins sem væru búsettir í Kabúl. Vísaði dómstóllinn þá sérstaklega til þess að kærandi hefði ekki veitt alþjóðaliðinu stórvægilega aðstoð og að nokkur ár væru liðin frá því að hann starfaði með andstæðingum Talibana. Þá vísaði dómstóllinn til þess að ekki væri á almannavitorði í Afganistan að H hefði unnið fyrir Sameinuðu þjóðirnar sem bílstjóri. Þá hefði hann ekki orðið fyrir miklu áreiti meðan á þeim störfum stóð. Var því talið að H hefði ekki náð að sýna fram á að hann yrði í raunverulegri hættu á að verða fyrir illri meðferð svo brotið yrði gegn 3. gr. sáttmálans yrði hann sendur aftur til Afganistan.

Að því er varðaði B tók dómstóllinn fram að breskir dómstólar hefðu komist að þeirri niðurstöðu að B hefði ekki tekið þátt í tiltekinni aðgerð bandaríska herliðsins sem miðaði að því að bjarga hjálparstarfsmanni. Mikið þyrfti til að koma svo dómstóllinn gæti endurmetið slíka niðurstöðu. B hafði ekki haldið því fram fyrir breskum dómstólum að honum stafaði ógn af afgönskum yfirvöldum og taldi dómstóllinn því að hann gæti ekki lagt mat á þá staðhæfingu, auk þess sem kærandi hafði ekki lagt fram nein gögn henni til stuðnings. B hélt því fram að hann ætti í engin hús að venda í Kabúl. Dómstóllinn tók fram að í undantekningartilvikum yrði brotið gegn 3. gr. sáttmálans yrði manni gert að flytja til lands þar sem ástand mannréttinda væri almennt bágborið. Aftur á móti hefði kærandi ekki sýnt fram á að það ætti við í hans tilviki, þar sem Kabúl væri undir stjórn yfirvalda og þar ætti hann fjölskyldu að.

Í ljósi alls þessa var ekki fallist á að brotið yrði gegn 3. gr. sáttmálans þótt B yrði sendur til Afganistan.

**Babar Ahmad o.fl. gegn Bretlandi**

**Dómur frá 10. apríl 2013**

**Mál nr. 24027/07, 11949/08, 36742/08, 66911/09 og 67354/09**

**3. gr. Bann við pyndingum**

***Framsal fanga. Hryðjuverkastarfsemi. Meðferð í fangelsi.***

### **1. Málsvik**

Kærendur eru sex menn sem sakaðir hafa verið um þátttöku í alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Þeir voru handteknir í Bretlandi og bíða þess að verða framseldir til Bandaríkjanna.

Kærendur voru á árunum frá 1999 til 2006 ákærðir fyrir þátttöku í hryðjuverkum sem framin voru víða um heim. Bandarísk yfirvöld fóru fram á það við bresk yfirvöld að kærendur yrðu framseldir til Bandaríkjanna. Kærendur mótmæltu framsali fyrir stjórnvöldum og dómstólum í Bretlandi en án árangurs.

### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

#### ***Kæran***

Kærendur kærðu niðurstöður breskra dómstóla um framsal þeirra til Bandaríkjanna. Héldu þeir því fram að af ýmsum ástæðum yrði brotið gegn 3. gr. sáttmálans yrðu þeir framseldir þangað. Mannréttindadómstóllinn vísaði frá stærstum hluta kærunnar um að meðferð bandarískra stjórnvalda yrði andstæð ákvæðum Mannréttinasáttmálans. Þannig var ekki talin raunveruleg hætta á að fjórir kærenda yrðu flokkaðir sem óvinveittir bardagamenn, þ.e.a.s. óvinir Bandaríkjanna sem ekki njóta réttinda samkvæmt Genfar-sáttmálunum. Þá var heldur ekki talin hætta á að sömu kærendur yrðu sendir frá Bandaríkjunum til annarra ríkja þar sem mannréttindi þeirra yrðu brotin. Þá var ekki fallist á að meðferð á málum þeirra fyrir bandarískum alríkisdómstólum þýddi að þeir yrðu sviptir möguleika á réttlátri málsmeðferð.

Dómstóllinn aflaði frekari gagna í kjölfar ákvörðunar sinnar um að kærurnar væru að hluta tækar til efnismeðferðar. Þær málsástæður sem eftir stóðu lutu einkum að aðstæðum í öryggisfangelsi því í Bandaríkjunum sem kærendur yrðu vistaðir í og lengd þeirra fangelsisdóma sem þeir áttu yfir höfði sér.

#### ***Niðurstaða***

Um aðstæður í bandaríska fangelsinu sem líklegt var að kærendur yrðu sendir í komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að þær væru ekki svo slæmar að þær brytu gegn 3. gr. sáttmálans. Dómstóllinn tók sérstaklega fram að þótt kærendur yrðu settir í varðhald væru til staðar fullnægjandi úrræði í bandarísku réttarkerfi til að láta skera úr um réttindi fanga. Ef kærendur yrðu sakfelldir fyrir þá glæpi sem þeir væru sakaðir um væri réttlætanlegt að líta á þá sem alvarlega hættu gagnvart samfélaginu og takmarka möguleika þeirra til að

### 3. gr. Bann við pyndingum

hafa samskipti við umheiminn. Engu að síður bentu gögn til þess að fangar í viðkomandi fangelsi nytu ýmissa möguleika til að fylgjast með fjölmiðlum, stunda tómstundir, eiga samskipti við umheiminn og iðka trú sína. Virtist sem fangar í fangelsinu nytu ríkari réttinda að þessu leyti en fangar gerðu í mörgum fangelsum í Evrópu. Þá gætu kærendur átt kost á flutning í fangelsi þar sem ekki væru jafn miklar skorður á svigrúmi fanga til framangreinds. Þar sem þrír kærendur höfðu haldið því fram að þeir þyrftu sérstaka aðstoð vegna geðrænna vandamála var vísað til þess að umrædd vandamál virtust ekki hafa aftrað kærendum sérstaklega í bresku öryggisfangelsi auk þess sem fyrir lá að föngum með geðræn vandamál var veitt aðstoð í bandaríska fangelsinu. Fyrir lá að einn kærenda yrði ekki vistaður í umræddu fangelsi, þar sem hann átti við fötlun að stríða sem leiddi til þess að hann var ekki hæfur til að vera vistaður þar. Með vísan til þessa alls var talið að það bryti ekki gegn 3. gr. sáttmálans þótt fimm kærenda yrðu framseldir til Bandaríkjanna. Að því er varðaði einn kærenda og geðheilsu hans taldi dómstóllinn að ástæða væri til að afla frekari gagna um hvernig bresk og bandarísk yfirvöld hygðust meðhöndla hans mál og var máli hans því frestað.

Um lengd þeirra dóma sem kærendur gátu búist við í Bandaríkjunum tók dómstóllinn fram að þeir ættu allir lífstíðarfangelsi yfir höfði sér. Með hliðsjón af þeim brotum sem kærendur voru sakaðir um var talið að dómarnir myndu ekki brjóta í bága við meðalhóf eða brjóta gegn 3. gr. sáttmálans.

**Aswat gegn Bretlandi**

**Dómur frá 16. apríl 2013**

**Mál nr. 17299/12**

**3. gr. Bann við pyndingum**

***Framsal fanga. Hryðjuverkastarfsemi. Meðferð geðsjúkra fanga.***

#### 1. Málsatvik

Kærandi, Haroon Aswat, er fæddur árið 1974 og vistaður á geðsjúkrahúsi í Bretlandi. Ríkisfang hans er óþekkt. Hann hefur verið ákærður í Bandaríkjunum fyrir þátttöku í hryðjuverkastarfsemi. Árið 2005 var hann handtekinn í Bretlandi eftir að framsalsbeiðni barst frá bandarískum yfirvöldum. Hann mótmælti framsalinu fyrir breskum dómstólum en án árangurs. Kærandi er haldinn aðsóknargeðklofa og hefur því verið vistaður á geðdeild, enda þarf hann að fá meðferð til að halda sjúkdómnum í skefjum.

#### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

***Kæran***

Kærandi hélt því fram að framsal hans til Bandaríkjanna bryti gegn 3. gr. sáttmálans. Sér í lagi hélt hann því fram að honum væri nauðsynlegt að vera áfram haldið á geðdeildinni þar sem hann væri vistaður í Bretlandi. Þær

### 3. gr. Bann við pyndingum

aðstæður sem honum yrðu búnað í Bandaríkjunum, og þá sér í lagi í tilteknu öryggisfangelsi sem hann yrði líklega vistaður í, myndu vafalaust leiða til þess að andlegu heilsufari hans myndi hraka verulega.

Mál kæranda var upphaflega sameinað málum nr. 24027/07, 11949/08, 36742/08, 66911/09 og 67354/09 (Babar Ahmad o.fl. gegn Bretlandi), þar sem reyndi á mál einstaklinga í svipaðri aðstöðu, en dómstóllinn ákvað síðan að fresta því að kveða upp dóm í máli kæranda. Dómur í máli hans var kveðinn upp sex dögum eftir að dómur lá fyrir í hinum málunum fimm, en í þeim málum var ekki talið að framsal kæranda bryti gegn 3. gr. sáttmálans.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn taldi, í ljósi þeirra gagna sem lögð voru fram um heilsufar kæranda, að raunveruleg hættu væri á að framsal kæranda til Bandaríkjanna, lands sem kærandi hefði engin tengsl við og þar sem fangelsisaðstæður væru verri, myndi leiða til þess að heilsufari kæranda myndi hraka verulega. Meðferð hans myndi þá brjóta í bága við 3. gr. sáttmálans. Dómstóllinn tók sérstaklega fram að mál kæranda væri annars eðlis en mál Babar Ahmad o.fl. gegn Bretlandi vegna þess að kærandi væri við slæma heilsu. Þá gætu bresk og bandarísk yfirvöld ekki upplýst hversu lengi kærandi myndi þurfa að bíða dóms eða hvar hann yrði vistaður þangað til. Enda þótt kærandi mætti eiga von á að fá heilbrigðisaðstoð í hverju því fangelsi sem hann yrði vistaður í yrði ekki framhjá því lítið að nokkur óvissa yrði um hvernig framtíð hans yrði háttuð. Möguleiki væri á að kærandi yrði vistaður í fangelsi þar sem verulegar hömlur yrðu settar á frelsi hans. Vegna aðstæðna hans myndi slík meðferð brjóta gegn 3. gr. sáttmálans. Var því talið að framsal kæranda til Bandaríkjanna myndi brjóta gegn sama ákvæði sáttmálans.

#### **Tymoshenko gegn Úkraínu**

**Dómur frá 30. apríl 2013**

**Mál nr. 49872/11**

**Sjá reifun dómsins undir 5. gr.**

*Skilyrði gæsluvarðhalds. Skaðabætur. Aðbúnaður í fangelsi. Heilsufar fanga.*

#### **S.A. o.fl. gegn Svíþjóð**

**Dómur frá 27. júní 2013**

**Mál nr. 71680/10, 28379/11, 72413/10, 50859/10, 68411/10, 68335/10, 72686/10 og 66523/10**

**Sjá reifun dóms undir 2. gr.**

*Hælisleitendur. Brottvísun. Hætta á manndrápum og ómannúðlegri meðferð.*

---

## 5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

---

**Ostendorf gegn Þýskalandi**

**Dómur frá 7. mars 2013**

**Mál nr. 15598/08**

**5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi**

***Handtaka. Frelssvipting. Varðhald til að tryggja efndir skyldu.***

### 1. Málsatvik

Kærandi, Henrik Ostendorf, er þýskur ríkisborgari, fæddur 1968 og búsettur í Bremen. Þann 10. apríl 2004 var hann á leið á knattspyrnuleik í Frankfurt þegar hann var handtekinn af lögreglu. Hald var lagt á farsíma hans og hann var hafður í haldi í fjórar klukkustundir, en látinn laus klukkustund eftir að leiknum lauk. Lögreglunni í Frankfurt hafði borist spurn af því frá lögreglunni í Bremen að kærandi væri talinn forsprakki hóps af ofbeldisfullum fótboltabullum. Fyrir handtökuna hafði lögregla stöðvað hópinn og leitað á félögum hans. Lögreglan fylgdist síðan með hópnum og var kæranda skipað að halda sig með honum. Hann var handtekinn eftir að lögregla varð þess vör að hann hafði orðið viðskila við hópinn og fann hann í felum inni á krá einni.

Kærandi kærði handtökuna og vistun í fangaklefa til lögregluþyrvalda í Frankfurt. Í ágúst 2004 vísaði lögreglustjórinn í Frankfurt kærinni frá og varð kæranda ekki ágenzt fyrir dómstólum. Töldu bæði héraðsdómur og áfrýjunardómstóll varðhaldið hafa verið nauðsynlegt til að koma í veg fyrir yfirvofandi hættu á ofbeldisbrotum. Þann 26. febrúar 2008 vísaði stjórnlagadómstóll Þýskalands málinu frá.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### ***Kæran***

Kærandi hélt því fram að varðhaldið hefði brotið gegn réttindum sínum samkvæmt 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

#### ***Niðurstaða***

Dómstóllinn taldi að þrátt fyrir að varðhaldið sem kærandi kvartaði undan hefði verið stutt hefði kærandi verið sviptur frelsi í skilningi 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Um c-lið 1. mgr. 5. gr.: Lögreglan í Frankfurt hafði byggt það mat sitt að kærandi hefði verið að undirbúa ofbeldisbrot á nokkrum atriðum, þar á meðal á upplýsingunum frá lögreglunni í Bremen þess efnis að hann væri forsprakki hóps ofbeldismanna, að ýmis dæmigerð slagsmálatól höfðu fundist á öðrum félögum hópsins, á framburði lögregluþjóns um að kærandi hefði sett sig í samband við þekkta fótboltabullu frá Frankfurt, og á því að lögreglan hefði komið að kæranda utan hópsins í trássi við fyrirskipun lögreglu.

Dómstóllinn taldi því sýnt að fyrir lögreglu hefðu legið nægilegar upplýsingar til að ætla að kærandi ráðgerði að efna til ryskinga, þar sem framin yrðu afbrot, þar á meðal líkamsárásir og óspektir. Varðhaldið gæti því flokkast undir að vera gert til „að koma í veg fyrir að hann fremdi afbrot“ í skilningi c-liðar 1. mgr. 5. gr. sáttmálans. Enn fremur taldi dómstóllinn að ekki hefði nægt að leggja hald á síma hans eingöngu og aðskilja hann frá hópnum.

Til að varðhald í því skyni að hindra að maður fremdi afbrot fengi samrýmt c-lið 1. mgr. 5. gr. sáttmálans þyrfti varðhaldið þó einnig að vera „í því skyni að færa hann fyrir réttan handhafa opinbers valds“. Dómstóllinn leit til þess að landslög og -dómstólar hefðu réttlætt varðhaldið alfarið á grundvelli forvarna. Kærandi hefði ekki verið grunaður um refsiverð brot, enda undirbúningsráðstafanir hans ekki refsiverðar að landslögum. Varðhaldið hefði því að öllu leyti verið í fyrirbyggjandi skyni, en hefði ekki miðað að því að færa hann fyrir dómara í sakamáli. Niðurstaða dómstólsins var því sú að varðhaldið yfir kæranda yrði ekki réttlætt með c-lið 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Um b-lið 1. mgr. 5. gr.: Hvað snerti hugsanlega réttlætingu varðhaldsins skv. b-lið 1. mgr. 5. gr. sem gæslu „til að tryggja efndir lögmæltrar skyldu“, taldi dómstóllinn sýnt að skyldan sem hvíldi á kæranda hefði verið nægilega tiltekin og afmörkuð til að standast þau skilyrði sem mótafst hefðu í dómaframkvæmd hans. Kæranda hefði verið gerð grein fyrir skyldu sinni til að vera til friðs á knattspyrnuleiknum. Áður en hann var handtekinn hefði honum verið skipað af hálfu lögreglu að halda sig með hópnum og hann varaður við að ella yrði hann handtekinn. Með háttsemi sinni hefði hann sýnt að hann hygðist ekki hlíta þeirri skyldu sinni að halda friðinn.

Gæsla kæranda hefði tryggt efndir þessarar skyldu, enda komið í veg fyrir að hann stofnaði til og tæki þátt í ryskingum. Gæslan hefði því ekki verið refsikennds eðlis. Ekkert gæfi heldur til kynna að meðan hann var í haldi hefði hann sýnt neinn vilja til að hlíta skyldu sinni til að halda friðinn. Skyldan hefði verið efnd í skilningi b-liðar 1. mgr. 5. gr. að því leyti sem hún var úr sögunni eftir að fótboltaleiknum lauk og félagar hans tvístruðust, þannig að ekki var lengur hægt að efna til ryskinga. Var kærandi þá þegar látinn laus. Loks var það niðurstaða dómstólsins að varðhald kæranda í fjórar klukkustundir hefði verið í samræmi við það markmið að tryggja tafarlausar efndir skyldu hans – sem var í þágu almannahags – til að hindra ekki friðsamlega framvindu fjölsóttis íþróttaviðburðar.

Af þessu leiddi að b-liður 1. mgr. 5. gr. sáttmálans réttlætti varðhald kæranda. Enn fremur var óumdeilt að varðhaldið var löglegt að landslögum. Ekki hafði því verið brotið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Tveir dómara skiluðu séráliti þar sem komist var að sömu niðurstöðu.

**Tymoshenko gegn Úkraínu**

**Dómur frá 30. apríl 2012**

**Mál nr. 49872/11**

**3. gr. Bann við pyndingum**

**5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi**

**18. gr. Takmörkun á skerðingu réttinda**

***Skilyrði gæsluvarðhalds. Skaðabætur. Aðbúnaður í fangelsi. Heilsufar fanga.***

### **1. Málsatvik**

Kærandi, Yuliya Volodymyrivna Tymoshenko, er fædd árið 1960 og er fyrrverandi forsætisráðherra Úkraínu. Hún afplánar fangelsisdóm í Kachanivska-fangelsinu í Kharkiv í Úkraínu. Þegar kærán var til meðferðar var hún vistuð á sjúkrahúsi í Kharkiv.

Við meðferð sakamáls á hendur kæranda féllst dómari á kröfu saksóknara um að hún yrði úrskurðuð í gæsluvarðhald. Vísað var til þess að kærandi hefði neitað að lúta ákvörðunum dómarans við meðferð málsins, sýnt þeim sem sóttu þinghöld óvirðingu og neitað að gefa upplýsingar um það hvar hún byggdi. Kærandi var hneppt í varðhald 5. ágúst 2011. Þann 30. desember 2011 var kærandi flutt í fangelsi í Kharkiv til að afplána refsingu sem henni hafði verið gerð með dómi.

Kærandi glímir við ýmiss konar heilsufarsvandamál og hefur ætíð haldið því fram að aðbúnaður hennar í úkraínskum fangelsum væri slæmur með hliðsjón af heilsufari hennar. Kærandi er með matarofnæmi, magakveisu, ýmiss konar bakverki og æðavandamál. Kærandi hefur haldið því fram að sú aðstaða sem henni var búin áður en dómur féll í máli hennar hefði m.a. verið illa loftræst og hún hefði haft takmarkaða möguleika á að ganga utandyra. Kærandi taldi að yfirvöld hefðu vanmetið hversu illa hún var á sig komin heilsufarslega og því ekki veitt henni nægjanlega heilbrigðisþjónustu. Kærandi leyfði ekki læknum að skoða sig, nema þeim sem hún valdi, enda treysti hún ekki læknum fangelsanna þar sem hún var vistuð.

Á tímabilinu frá febrúar til apríl 2012 var kærandi skoðuð nokkrum sinnum af þýskum læknum sem mæltu með að hún fengi meðferð á sérhæfðu sjúkrahúsi. Í kjölfar sérstakrar bráðabirgðaákvörðunar dómstólsins ákváðu úkraínsk yfirvöld 20. apríl 2012 veita kæranda aukna heilbrigðisþjónustu á sjúkrahúsi í Kharkiv. Kærandi heldur því fram að hún hafi neitað að láta flytja sig á sjúkrahúsið og að hún hafi verið flutt með valdi. Kærandi taldi að sjúkrahúsið gæti ekki boðið henni viðeigandi þjónustu. Kærandi fór í hungurverkfall til að mótmæla flutningnum og því ofbeldi sem hún taldi sig hafa orðið fyrir í tengslum við hann.

Þann 22. apríl 2012 kom kærandi aftur í fangelsið sem hún hafði verið vistuð í og var skoðuð af læknum þar. Þeir tóku eftir að hún var nokkuð marin en töldu að aldur meiðslanna væri ekki í samræmi við frásagnir kæranda. Að sögn úkraínskra stjórnvalda neitaði kærandi að leyfa réttarlækni að skoða meiðsl hennar. Saksóknari ákváð því að hefja ekki rannsókn vegna málsins. Í

kjölfar fréttáflutnings um málið skipti saksóknari um skoðun og hóf rannsókn. Úkraínsk stjórnvöld halda því fram að skýrslur hafi verið teknar af ýmsum sem urðu vitni að meðferð kæranda. Meðal annars taldi bílstjóri sjúkrabílsins sem notaður var til að flytja kæranda að flutningurinn hefði gengið áfallalaust og kærandi hefði ekki sýnt móthróa. Réttarlæknir sem mat meiðsli kæranda taldi að þau væru ekki til komin vegna átaka heldur fremur heilsufars kæranda. Saksóknari ákvað að ákæra engan vegna málsins.

Í maí 2012 var kærandi á ný flutt á sjúkrahúsið í Kharkiv þar sem hún hlaut lækni meðferð hjá þýskum taugalækni. Kærandi ákvað þá að hætta hungur-verkfalli. Kærandi lagði í kjölfarið fram kæru sem laut að því að myndatöku-vélar væru notaðar til að fylgjast með henni á sjúkrahúsinu og að heilsufars-upplýsingum hennar hefði verið dreift. Saksóknari ákvað að bregðast ekki við kærinni. Stjórnsýslukæru henni er laut að sömu atriðum var jafnframt hafnað.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærandi hélt því fram að aðstæður sem henni voru búnar í fangelsum í Kiev og Kharkiv hefðu ekki tekið mið af bágu heilsufari hennar. Þá hefðu hún verið flutt á spítala í Kharkiv gegn vilja sínum og hún hlotið áverka meðan á flutningnum stóð. Ófullnægjandi rannsókn hefði verið gerð á tildrögum þess að hún hlaut þá áverka. Hún hefði verið undir stöðugu eftirliti þann tíma sem hún dvaldi á spítalanum í Kharkiv. Hún hefði verið frelsissvipt á ólögmatan og gerræðislegan hátt áður en hún var dæmd í fangelsi og þá frelsissviptingu hefði hún ekki getað látið reyna á fyrir dómi. Þá ætti hún ekki rétt á bótum vegna þessa samkvæmt úkraínskum lögum. Kærandi byggði á 3., 5., 8. og 18. gr. sáttmálans.

Kærandi hefur síðar kært niðurstöðu refsímálsins sem leiddi til þess að hún var dæmd í fangelsi en ekki var tekin afstaða til þeirrar kæru í þessum dómi dómstólsins.

### *Niðurstaða*

Dómstóllinn taldi að kæran væri ekki tæk til efnismeðferðar að því leyti sem vísað væri til 3. gr. sáttmálans varðandi aðstæður kæranda í fangelsinu þar sem hún dvaldi áður en hún var dæmd til refsingar og varðandi skort á heilbrigðisþjónustu. Dómstóllinn tók fram að þótt kærandi kynni að hafa orðið fyrir óþægindum vegna aðstæðna í fangelsinu, t.d. varðandi skort á aðgangi að dagsbirtu, heitu vatni og hitun teldust aðstæðurnar ekki hafa verið svo slæmar að brotið hefði verið gegn 3. gr. sáttmálans. Ljóst var að kærandi hafði hlotið þónokkra heilbrigðisþjónustu af hálfu úkraínskra yfirvalda umfram það sem venjulegt væri í úkraínskum fangelsum. Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum hefði skoðað aðstæður í fangelsinu þar sem kærandi dvaldi meðan á réttarhöldum í máli hennar stóð og ekki talið neitt athugavert við aðbúnað hennar. Þá taldi dómstóllinn að kæran væri ekki tæk til efnismeðferðar að því

er varðaði meint brot gegn 8. gr. sáttmálans vegna þess eftirlits sem kærandi setti á spítala í Kharkiv. Var vísað til þess að kærandi hefði ekki látið reyna á aðfinnslur sínar þar að lútandi fyrir úkraínskum dómstólum.

Um 3. gr.: Að því er varðaði meðferð kæranda þegar hún var flutt á spítalann í Kharkiv benti dómstóllinn á að sýnt hefði verið fram á að hún hefði fengið marbletti meðan hún dvaldi í fangelsi fyrir flutninginn. Þetta eitt kallaði á að úkraínsk yfirvöld útskýrðu hvað hefði komið fyrir kæranda. Dómstóllinn taldi að staðsetning marblettanna samræmdist frásögn kæranda en ekki yrði framhjá því litid að mat á sárunum benti til þess að þau hefðu komið til á öðrum tíma en kærandi hélt fram. Þar sem kærandi hefði neitað að láta réttarlækni meta sárin var talið að ekki hefði verið sýnt nægjanlega fram á að þau hefðu orðið til á þeim tíma sem kærandi hélt fram. Var því ekki talið að hún hefði sýnt fram á að brotið hefði verið gegn 3. gr. sáttmálans þegar hún var flutt á spítalann í Kharkiv. Úkraínskum yfirvöldum hefði borið skylda til að rannsaka umræddar ásakanir kæranda. Kærandi sjálf hefði á hinn bóginn takmarkað möguleika yfirvalda til slíkrar rannsóknar. Var því talið að sú takmarkaða rannsókn sem yfirvöld hefðu framkvæmt hefði ekki brotið gegn 3. gr. sáttmálans.

Um 5. gr.: Varðandi þann þátt kærunnar er laut að því að varðhald kæranda meðan á réttarhöldum í máli hennar stóð hefði brotið gegn 5. gr. sáttmálans tók dómstóllinn fram að þetta væri atriði sem hann hefði áður bent á að væri ófullnægjandi í úkraínskri löggjöf. Ekki hefði verið sýnt fram á að nauðsynlegt væri að svipta kæranda frelsi á grundvelli flóttahættu. Ekki væri réttlætanlegt að svipta mann frelsi sínu á þeim grundvelli að hann sýndi dómstól ekki nægjanlega virðingu. Var talið að frelsissvipting kæranda hefði að þessu leyti brotið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Umrædd frelsissvipting kæranda hafði nokkrum sinnum verið tekin til meðferðar fyrir úkraínskum dómstólum. Aldrei var fjallað um röksemdir kæranda í þessum tilvikum heldur einungis tekið fram að ekki væri heimilt að endurskoða ákvarðanir um frelsissviptingar sem þessar. Talið var að rökstuðningur úkraínskra dómstóla að þessu leyti hefði brotið gegn 4. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Þar sem ekki var heimild í úkraínskum lögum til að greiða þeim sem skaðabætur sem urðu fyrir brotum af hálfu úkraínska dómskerfisins var talið að brotið hefði verið gegn 5. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Um 18. gr.: Dómstóllinn taldi að brotið hefði verið gegn 18. gr., sbr. 5. gr. sáttmálans, þar sem kærandi hafði verið svipt frelsi sínu í öðrum tilgangi en heimilt var samkvæmt síðarnefnda ákvæðinu.

Þrír dómarar skiluðu sameiginlega sératkvæði þar sem komist var að sömu niðurstöðu. Þrír dómarar skiluðu sameiginlega sératkvæði þar sem komist var að annarri niðurstöðu.

---

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

---

Varela Geis gegn Ítalíu

Dómur frá 5. mars 2013

Mál nr. 61005/09

6. gr. Réttlát málsmeðferð

*Sakfelling í refsimáli. Ákæruatriði. Undirbúningur málsvarnar.*

### 1. Málsatvik

Kærandi, Pedro Varela Geis, er spænskur ríkisborgari, fæddur árið 1957 og búsettur í Barcelona. Átti hann þar og rak bókaverslunina Europa, sem seldi m.a. bækur um helförina.

Húsleit var gerð á heimili og í verslun kæranda þann 11. desember 1996. Á grundvelli haldlagðs efnis ákærði saksóknari hann fyrir að hafa ítrekað framið refsiverð brot með því að afneita helförinni og hvetja til kynþáttahatus. Burtséð frá nokkrum bókakosti um listir, sögu og goðafræði vegaðmuðu flest ritverk bókaverslunarinnar þjóðernissósíalisma og höfðu að geyma hvatningu til mismununar og gyðingahatus.

Þann 16. nóvember 1998 var kærandi sakfelldur fyrir að afneita þjóðarmorðum og hvetja til mismununar, haturs og ofbeldis gegn hópum eða félögum á grundvelli kynþátta- og gyðingahatus og var hann dæmdur til fangelsisvistar og sektar. Hann áfrýjaði dómnum. Áfrýjunardómstóll leitaði forúrskurðar spænska stjórnlagadómstólsins, sem lýsti þann 7. nóvember 2007 að refsilaga-ákvæðið um afneitun á þjóðarmorðum væri andstætt stjórnarskrá, en það ætti hins vegar ekki við um refsingu við því að breiða út hugmyndir eða kenningar til að réttlæta þjóðarmorð.

Með dómi þann 5. mars 2008 sýknaði áfrýjunardómstóll kæranda af ákæru um að hvetja til kynþáttamismununar. Hins vegar var hann sakfelldur fyrir brot á ákvæði refsilaga um bann við því að réttlæta þjóðarmorð. Kærandi mótmælti sakfellingu sinni um brot sem hann hefði hvorki verið kærður né sakfelldur fyrir á fyrsta dómstigi. Áfrýjun hans til stjórnlagadómstólsins var vísað frá þann 22. apríl 2009.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi taldi brotið gegn 1. mgr. og a- og b-lið 3. mgr. 6. gr. sáttmálans (réttinum til réttlátrar málsmeðferðar). Hélt hann því fram að áfrýjunardómstóllinn hefði sakfelld hann fyrir brot sem hvorki hefði verið hluti ákæru hans né sakfellingar á fyrsta dómstigi. Einnig byggði hann á 9. gr. sáttmálans (hugsana-, samvisku- og trúfrelsi) og 10. gr. hans (tjáningarfrelsi).

### **Niðurstaða**

Um 1. og 3. mgr. 6. gr.: Dómstóllinn lagði áherslu á grundvallarhlutverk ákæru í sakamálum. Sáttmálinn gerði að vísu ekki sérstakar formkröfur um það með hvaða hætti bæri að upplýsa sakborninga um eðli og ástæðu þeirra saka sem þeir væru bornir, en engu að síður væru ítarlegar og greinargóðar upplýsingar um sakarefnið, bæði þau málsatvik er máli skiptu og lagalegan grundvöll þeirra, frumforsenda þess að tryggt væri að málsmeðferð væri réttlát og að sakborningar gætu undirbúið vörn sína.

Ekki hefði verið sýnt fram á að kæranda hefði nokkurn tíma verið gert ljóst að áfrýjunardómstóllinn kynni að breyta ákærinni gegn honum úr því að „afneita“ hópmorði í að „réttlæta“ það, og hefði sá möguleiki á engu stigi við meðferð málsins verið nefndur á nafn. Varð það einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 1. mgr. og a- og b-lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans.

Um 9. og 10. gr.: Dómstóllinn tók fram að kröfur kæranda samkvæmt 9. og 10. gr. væru nátengdar þeim kröfum hans sem byggðu á 6. gr. sáttmálans. Með tilliti til niðurstöðu sinnar um að brotið hefði verið gegn þeirri grein taldi dómstóllinn óþarft að skoða þær.

Spænska ríkinu var gert að greiða kæranda 8.000 evrur í miskabætur og 5.000 evrur í málskostnað.

### **Kristiansen og Tyvik A/S gegn Noregi**

**Dómur frá 2. maí 2013**

**Mál nr. 25498/08**

### **6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**

*Einkaleyfisumsókn. Meðferð máls hjá stjórnvöldum. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.*

#### **1. Málsatvik**

Kærendur eru Arne Kristiansen, norskur ríkisborgari, fæddur árið 1931, og Tyvik A/S, norskt einkafyrirtæki. Í nóvember 1990 sendi Kristiansen norsku einkaleyfisstofunni umsókn um einkaleyfi fyrir nýrri aðferð, sem hann hafði þróað, til að knýja áfram flugvélar eða skip. Einkaleyfisstofan hafnaði loks umsókn hans um einkaleyfið í september 2008 eftir áralöng bréfaskipti milli kæranda og starfsmanna skrifstofunnar. Á tímanum frá því að umsókn Kristiansen var skilað inn og fram til úrskurðar einkaleyfisstofunnar árið 2008 hafði mál hans verið ítrekað tekið fyrir hjá áfrýjunarnefndum innan einkaleyfisstofunnar.

#### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

##### ***Kæran***

Kærandi telur að þessi langi málsmeðferðartími norsku einkaleyfisstofunnar hafi falið í sér brot gegn 6. gr. sáttmálans og jafnframt hindrað að hann

---

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

---

gæti leitað réttar síns á grundvelli 13. gr. sáttmálans, þar sem einkaleyfi nutu aðeins 20 ára einkaleyfisverndar samkvæmt norskum lögum.

### *Niðurstaða*

Dómstóllinn vísaði til fyrri dómafordæma sinna og taldi að 6. gr. sáttmálans gæti átt við í málinu. Í þessu máli hafi kærandi fyrst verið í aðstöðu til þess að bera lögmati úrskurðarins og málsmeðferðarinnar undir dómstóla þegar úrskurður stofnunarinnar lá fyrir í september 2008. Það hafði einnig í för með sér að sú 20 ára einkaleyfisvernd sem norsk lög gerðu ráð fyrir hefði runnið út 2 árum eftir að úrskurðurinn lá fyrir. Þó tók dómstóllinn til greina að eðli máls samkvæmt gæti málsmeðferð í svo flóknum málaflokkum tekið umtalsverðan tíma, sérstaklega ef gera þyrfti prófanir og athuganir eins og í þessu máli. Þegar litið væri til þessa langa málsmeðferðartíma og fyrri fordæma dómstólsins, taldi hann þó að tafirnar hefðu falið í sér brot gegn 6. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var norska ríkið dæmt til að greiða kæranda 15.000 evrur í miskabætur.

---

## 7. gr. Engin refsing án laga

---

**Camilleri gegn Möltu**

**Dómur frá 22. janúar 2013**

**Mál nr. 42931/10**

**7. gr. Engin refsing án laga**

***Sakamál. Refsiviðurlög. Skýrleiki lagaákvæða.***

### **1. Málsatvik**

Kærandi, John Camilleri, er maltneskur ríkisborgari, fæddur árið 1968. Þann 16. nóvember 2005 var hann sakfelldur af sakamáladómstóli fyrir vörslu ólöglegra fíkniefna. Hann var dæmdur í 15 ára fangelsi og til greiðslu sektar að upphæð 35.000 evra. Hann hélt því fram í dómsmáli sem hann höfðaði í framhaldinu að það samræmdist ekki ákvæðum 6. gr. Mannréttindasáttmálans að saksóknari hefði haft frjálst val um fyrir hvaða dómstóli málið yrði höfðað. Í tilviki Camilleri hafði málið verið höfðað fyrir sakamáladómstóli, þar sem refsiramminn fyrir brot hans var frá 4 árum til lífstíðarfangelsis. Saksóknari hafði þó einnig val um að höfða málið fyrir almennum dómstóli, sem færi með öll minniháttar sakamál, en þar var refsirammí brotsins frá 6 mánuðum til 10 ára fangelsis. Ekki var tekið undir röksemdir Camilleri og máli hans vísað frá. Þessi niðurstaða var síðar staðfest af stjórnlagadómstóli þar sem tekið var fram að saksóknari hefði ekki vald til að skera úr um sekt eða sýknu sakborninga og því samræmdist þetta fyrirkomulag stjórnarskrá. Þó tók dómstóllinn fram að rétt væri að slíkar ákvarðanir saksóknara yrðu byggðar á viðmiðum og reglum sem almenningur gæti kynnt sér.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærandi taldi að þar sem lægri hámarksrefsing hefði legið við brotum hans fyrir almennum dómstóli en fyrir sakamáladómstóli, yrði talið að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. og 7. gr. Mannréttindasáttmálans.

### *Niðurstaða*

Dómstóllinn tók fram að löggjöf Möltu gerði ráð fyrir tvenns konar hámarksrefsingu fyrir þau brot sem Camilleri var ákærður fyrir. Ef mál væri höfðað fyrir sakamáladómstóli væri hámarksrefsing lífstíðarfangelsi, en ef málið væri höfðað fyrir almennum dómstóli væri hámarksrefsing 10 ára fangelsi. Lögin hefðu ekki gefið skýrt til kynna hvaða refsing lægi við brotunum og það hafi ekki orðið ljóst fyrr en ákæra var gefin út í málinu. Þau viðmið sem lægju til grundvallar ákvörðun saksóknara um fyrir hvaða dómstóli mál væri höfðað væru ekki hluti af birtum lagatexta og dómafordæmi veittu engar vísbendingar um hver þau viðmið væru. Stjórnlagadómstóll hefði gert athugasemdir við þessa framkvæmd, enda væru saksóknara í raun gefnar frjálsar hendur í ákvörðun sinni sem gæti þannig byggst á geðþóttu. Dómstóllinn taldi því að lagaákvæðin sem byggt væri á væru ekki nægjanlega fyrirsjáanleg og girtu ekki fyrir þann möguleika að refsing yrði háð geðþóttuákvörðun saksóknara. Í þessu fælist brot gegn réttindum kæranda samkvæmt 7. gr. Mannréttindasáttmálans. Dómstóllinn tók þá ekki til frekari skoðunar hvort brotið hefði verið gegn 6. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. var Malta dæmt til að greiða kæranda 1.000 evrur í miskabætur og 5.000 evrur í málskostnað.

Tveir dómáramur skiluðu séráliti.

---

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

---

### **Röman gegn Finnlandi**

**Dómur frá 22. janúar 2013**

**Mál nr. 13072/05**

### **8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

*Ákvörðun um faðerni. Málshöfðunarfrestur.*

#### **1. Málsatvik**

Kærandi er Mirja Röman, finnskur ríkisborgari, fædd árið 1954. Líffræðilegur faðir hennar var ekki í föstu sambandi með móður hennar og á árinu 1956 giftist móðir hennar öðrum manni. Móðir hennar og fösturfaðir ákváðu að hann gengi henni í föðurstað og að hún fengi ekki að vita um líffræðilegan föður sinn. Þann 1. október 1976 tóku gildi í Finnlandi nýjar lagareglur um faðernisákvörðun barna. Lögin mæltu fyrir um að einstaklingar

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

sem fæddir væru fyrir gildistöku þeirra hefðu 5 ára frest til þess að höfða mál til staðfestingar á faðerni. Sá frestur rann út 1. október 1981. Þá var tekið fram í lögunum að ekki væri hægt að höfða faðernismál ef líffræðilegur faðir væri látinn. Engir sambærilegir tímafrestrir voru settir gagnvart þeim sem fæddir voru eftir gildistöku laganna. Á árinu 2001 fór kæranda að gruna að eiginmaður móður hennar væri ekki raunverulegur faðir hennar og fór að leita sér gagna um faðernið. Árið 2003 höfðaði hún faðernismál gegn líffræðilegum föður sínum þar sem hún tók fram að hún hefði fyrst komist að tilvist hans árið 2001. Máli hennar var vísað frá dómi þar sem 5 ára fresturinn til þess að höfða mál á grundvelli laganna frá 1976 var útrunninn. Í dóminum var tekið fram að hún hefði þegar náð fullorðinsaldri þegar fresturinn byrjaði að líða og að hún hefði á þeim tíma haft tækifæri til þess að rannsaka raunverulegan uppruna sinn. Hún áfrýjaði dóminum, en án árangurs.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi telur finnsku lögin frá 1976 hafi brotið gegn rétti hennar skv. 8. gr. Mannréttindasáttmálans til friðhelgi fjölskyldu.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn tók fram að þótt 8. gr. sáttmálans legði fyrst og fremst þá neikvæðu skyldu á aðildarríkin að virða réttindi borgaranna, legði hún einnig jákvæða skyldu á aðildarríkin að veita þessum réttindum virka vernd í löggjöf sinni. Löggjöfin yrði einnig að gæta jafnvægis milli réttinda einstaklinga og þeirra hagsmuna þjóðfélagsins sem lögunum er ætlað að vernda. Dómstóllinn taldi að málshöfðunarfrestur laganna frá 1976 hefði verið settur í því lögmæta markmiði að koma í veg fyrir að gömul faðernismál skytu upp kollinum með tilheyrandi sönnunarörðugleikum. Hins vegar yrði að meta hvort löggjöfin tæki jafnt tillit til hagsmuna og réttinda þeirra sem þau vörðuðu. Í faðernismálum væru ákvæði 8. gr. bæði til verndar börnum sem reyndu að leita réttar síns í faðernismálum og feðrum sem slík mál beindust jafnan gegn. Einnig bæri að líta til þess að rétturinn til að leita uppruna síns væri hluti af því einkalífi sem nyti verndar sáttmálans. Dómstóllinn tók fram að í þessu tilviki hefði 5 ára málshöfðunarfrestur laganna verið óundanþægur og dómstólar hefðu ekki vikið frá honum í úrlausnum sínum. Þetta hafi í raun leitt til þess að kærandi hefði ekki haft raunhæft réttarúrræði til að fá úrlausn á máli sínu. Þar sem hann hefði engin úrræði haft til þess að fá úrlausn mála sinna eftir að fresturinn var liðinn yrði að telja að lögin frá 1976 hafi falið í sér brot gegn 8. gr. Mannréttindasáttmálans. Dómstóllinn taldi ekki nauðsynlegt að fjalla einnig um mögulegt brot gegn 14. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var finnska ríkið dæmt til að greiða kæranda 6.000 evrur í miskabætur og 4.000 evrur í málskostnað.

**Krisztián Barnabás Tóth gegn Ungverjalandi**

**Dómur frá 12. febrúar 2013**

**Mál nr. 48494/06**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

*Ættleiðing. Réttur til fá skorið úr um faðerni. Hagsmunir barns.*

**1. Málsatvik**

Kærandi, Krisztián Barnabás Tóth er ungverskur ríkisborgari, fæddur árið 1974 og búsettur í Búdapest. Var hann í óvígðri sambúð með H frá því í janúar 2004. Þann 5. apríl 2004 kom í ljós að H var þunguð. Kærandi og H slitu samvistum í september sama ár. Þann 26. nóvember 2004 gaf P út yfirlýsingu um að hann væri faðir barnsins. Þann 4. janúar fæddi H stúlku, en 13. janúar 2005 var barnið gefið til ættleiðingar. Ættleiðingin fór fram með milligöngu barnamálayfirvalda samkvæmt vilja móðurinnar. Þann 20. janúar sama ár, þegar kærandi frétti af ættleiðingunni, krafðist hann þess að faðerni stúlkunnar yrði staðfest. Var honum synjað um það á þeim grundvelli að fjölskyldustaða barnsins væri frágengin og það væri ekki barninu í hag að leysa úr faðerninu fyrir dómstólum. Dómstólar höfðuð kröfu hans og á endanum staðfesti Hæstiréttur landsins að það væri ekki hagur barnsins að úr faðerninu yrði leyst fyrir dómstólum. Hefði barnið áhuga á að fá faðernið staðfest síðar væri henni það frjálst þegar hún næði 14 ára aldri.

**2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

***Kæran***

Kærandi hélt því fram að synjun yfirvalda á að fá skorið úr um að hann sé faðir barnsins sé brot á friðhelgi einkalífs og fjölskyldu sem verndað er í 8. gr. sáttmálans

***Niðurstaða***

Dómstóllinn áréttaði að líffræðileg tengsl foreldris og barns ein og sér án þess að annað komi til leiða ekki til réttarverndar í skilningi 8. gr. sáttmálans. Fyrirætlanir um fjölskyldulíf gætu í undantekningartilvikum fallið þar undir en það ætti ekki við um kæranda. Dómstóllinn tók enn fremur fram að ekkert hefði fram komið í málinu sem benti til þess að kærandi vildi stofna til tengsla við barnið áður en það var ættleitt. Þrátt fyrir að ættleiðingin hafi farið fram án vitundar kæranda og hann hafi brugðist skjótt við til að krefjast þess að fá skorið úr um faðerni barnsins gæti það eitt og sér ekki bætt upp fyrir þann skort að engin tengsl hefðu stofnast milli hans og barnsins.

Dómstóllinn taldi að friðhelgi einkalífs kæranda hefði sætt takmörkun og vísaði til fyrri framkvæmdar sinnar þar sem fallist væri á að rétturinn til að höfða faðernismál félli undir þá friðhelgi. Slík takmörkun þyrfti að uppfylla skilyrði 2. mgr. 8. gr. um að vera byggð á lögum, stefna að lögmætu markmiði og væri talin nauðsynleg í lýðræðissamfélagi. Kærandi vefengdi ekki að takmörkunin hefði verið í samræmi við lög og stefndi að lögmætu markmiði en taldi ekki sýnt

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

fram á að skilyrði um nauðsyn hennar væri uppfyllt. Dómstóllinn áréttaði að í lýðræðissamfélagi væri nauðsynlegt við slíkar ákvarðanir að meta hvað væri barni fyrir bestu. Væru yfirvöld í beinu sambandi við alla aðila máls. Þau væru því í bestri aðstöðu til að meta málsatvik og hvað væri barni fyrir bestu í þessu tilviki.

Komst dómstóllinn því að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

### **X o.fl. gegn Austurríki**

**Dómur frá 19. febrúar 2013**

**Mál nr. 19010/07**

**Sjá reifun dómsins undir 14. gr.**

***Samkynhneigðir. Stjúptætleiðingar.***

### **Bernh Larsen Holding AS o.fl. gegn Noregi**

**Dómur frá 14. mars 2013**

**Mál nr. 24117/08**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta**

***Skattrannsókn. Hlutafélög. Aðgangur að rafrænum gögnum. Málsmeðferð***

### **1. Málsatvik**

Kærendur, hlutafélögin Bernh Larsen Holding AS (B.L.H.) Kver AS og Increased Oil Recovery AS (I.O.R.), eru skráð í Björgvin í Noregi.

Í mars 2004 fóru skattyfirvöld fram á að B.L.H. heimilaði skattrannsakendum að taka afrit af öllum gögnum tölvuþjónsins sem félagið notaði. B.L.H. veitti aðgang að þjóninum, en neitaði að leggja fram afrit af honum í heild, enda væri hann í eigu annars félags (Kver), og fleiri félög notuðu hann sem gagnageymslu. Þegar Kver andmælti því að skattyfirvöld legðu hald á tölvuþjóninn tilkynntu yfirvöld að það félag myndi einnig sæta skattrannsókn. Félögin tvö féllust þá á að afhenda á segulbandi öryggisafrit undanfarinna mánaða, en kærðu ákvörðunina til ríkisskattstjóra og fóru fram á skjótar endurheimtur segulbandsins, sem var innsiglað meðan beðið var úrskurðar um kærana.

Að fengnum upplýsingum frá Kver um að þrjú önnur félög notuðu einnig tölvuþjóninn og myndu verða fyrir áhrifum af haldlagningunni tilkynntu skattyfirvöld viðkomandi félögum að þau sættu einnig skattrannsókn. Eitt þeirra, I.O.R., lagði í kjölfarið fram kæru hjá ríkisskattstjóra.

Í júní 2004 felldi ríkisskattstjóri niður skattrannsókn á Kver og I.O.R., en staðfesti að B.L.H. skyldi sæta skattrannsókn og væri skylt að veita yfirvöldum aðgang að þjóninum. Var sú ákvörðun staðfest á tveim dómstigum í júní 2005 og apríl 2007. Töldu norskir dómstólar þótt nokkur félög samnýttu þjóninn leiddi það ekki til þess skattyfirvöldum yrði neitað um aðgang, heldur bæri að fara með samnýtta þjóninn á sama hátt og mælt væri fyrir um í landslögum varðandi blönduð söfn pappírsskjala.

Þann 20. nóvember 2007 staðfesti meirihluti Hæstaréttar Noregs niðurstöðuna. Í dóminum var einnig staðfest að landslög heimiluðu skattyfirvöldum aðgang að öllum gagnasöfnum – þar á meðal vistuðum rafrænum skjölum, en ekki aðeins bókhaldsskjölum – sem þau hefðu ástæðu til að ætla að innihéldu upplýsingar sem skiptu máli um álagningu skatta. Í þágu skilvirks skatteftirlits væri aðgangurinn tiltölulega víðtækur. Var því hafnað að það væri komið undir hverjum og einum skattaðila að samþykkja hvaða hlutar gagnasafnsins innihéldu skjöl sem skiptu máli um skattálagnir eða skattrannsóknir. Þótt ráðstöfunin væri ekki sambærileg við haldlagningu í sakamáli, hvíldi engu að síður sú skylda á kærendum að veita aðgang.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandur héldu því fram ákvörðun skattyfirvalda hefði brotið gegn réttindum þeirra samkvæmt 8. gr. sáttmálans enda hefði hún byggt á geðþótta.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn taldi að í skyldu kærenda til að gera skattrannsakendum kleift að fá aðgang og taka afrit af öllum gögnum samnýtta þjónsins fælist skerðing á friðhelgi „heimila“ þeirra og „bréfaskipta“ í skilningi 8. gr. Skyldan varðaði öll þrjú félögin. Að sögn kærenda innihélt afritið af þjóninum einnig afrit af einkatölvupósti starfsmanna. Enginn starfsmaður hafði þó kvartað við dómstóla um að gengið væri á friðhelgi einkalífs síns og taldi dómstóllinn því óþarft að kveða upp úr um hvort friðhelgi „einkalífs“ þeirra hefði einnig verið skert. Við skoðun sína á réttmæti skerðingarinnar myndi hann hins vegar líta til lögmætra hagsmuna kærenda af því að tryggja vernd einkalífs fólks sem hjá þeim starfaði.

Dómstóllinn féllst á að skerðingin hefði átt stoð í landslögum. Viðeigandi ákvæði landslaga, eins og dómstólar hefðu túlkað þau, heimiluðu skattrannsakendum aðgang að skjalasöfnum félaganna, þar á meðal rafrænt vistuðum skjölum. Ef skjalasafnið hefði verið skipulagt með skýrum mörkum milli félaganna, þá hefðu skattyfirvöld getað þekkt úr þau svæði þjónsins sem geymdu upplýsingar sem máli skiptu. Fyrst svo var ekki, höfðu yfirvöld rétt til aðgangs að þjóninum öllum og til þess að fá afrit af skjölum þegar skoðun virtist henta. Ekkert í reglunum hindraði að farið yrði með öryggisafrit þjónsins í húsakynni skattyfirvalda til skoðunar þar.

Einnig taldi dómstóllinn sýnt fram á nægilegan skýrleika og fyrirsjáanleika laganna. Kærandur hefðu haldið því fram að með öryggisafritinu hefðu skattyfirvöld komist yfir mikið af gögnum sem innihéldu ekki upplýsingar sem skiptu máli í skattálagningskyni og sem féllu því utan ákvæðanna. Rétt væri hins vegar, eins og Hæstiréttur Noregs hefði gert grein fyrir, að í þágu skilvirkni hefðu skattyfirvöld tiltölulega víðtæka heimild til aðgangs. Þau yrðu því ekki

bundin af tilgreiningu skattaðila á því hvaða skjöl skiptu máli, jafnvel þegar gagnasafnið geymdi skjöl sem tilheyrðu öðrum skattaðilum.

Dómstóllinn féllst á það með norska ríkinu að ráðstafanir skattfyrvalda hefðu verið gerðar í þágu efnahagslegrar velferðar landsins og því stefnt að lögmætu markmiði í skilningi 8. gr. sáttmálans. Engin ástæða væri heldur til að draga í efa þá afstöðu norska löggjafans að skoðun safnsins væri nauðsynleg leið til að tryggja skilvirka sannpröfun upplýsinga sem skattfyrvöldum væru sendar og aukna nákvæmni upplýsinganna. Réttlætning skattfyrvalda á því að fá aðgang að þjóninum og taka afrit af honum til skoðunar í eigin húsakynnum styddist því við réttmæt rök.

Um meðalhóf tók dómstóllinn fram að málsmeðferðin veitti ýmis úrræði til varnar gegn misnotkun. Félagið B.H.L. hefði fengið langa fyrirvara og bæði fulltrúar þess og fulltrúar Kver hefðu verið viðstaddir og getað tjáð sig þegar skattfyrvöld komu á staðinn. Félögin hefðu haft rétt til að kæra ráðstöfunina, og strax og þau hefðu gert það hefði öryggisafritið verið sett í innsiglað umslag og afhent til vörslu á skattstofu meðan úrskurðar um kærana var beðið. Í lögum væri kveðið á um frekari varnarráðstafanir, sér í lagi rétt skattaðila til að vera viðstaddur þegar innsiglið væri rofið og til að fá afrit af skattransóknarskýrslunni.

Loks yrði afriti þjónsins eytt að rannsókninni lokinni og öllum ummerkjum um innihald hans eytt af tölvum og geymslubúnaði skattfyrvalda. Yfirvöldum yrði óheimilt að halda eftir haldlögðum skjölum án samþykkis skattaðila. Að lokum væri eðli skerðingarinnar hvorki jafn alvarlegt né á sama stigi og yfirleitt gerðist við leit og haldlagningu samkvæmt sakamála lögum. Auk þess hefði nauðsyn ráðstöfunarinnar að nokkru leyti sprottið af því að kærendur hefðu sjálfir kosið að hafa „blandað gagnasafn“ á samnýttum þjóni.

Að öllu virtu var niðurstaða dómstólsins sú að raunhæfar og fullnægjandi varnarráðstafanir gegn misnotkun hefðu verið til staðar og að gætt hefði verið sanngjarns jafnvægis milli réttar kæranda til friðhelgi „heimilis“ og „bréfaskipta“ auk hagsmuna þeirra af vernd einkalífs einstaklinga sem störfuðu fyrir þá, annars vegar, og almannahagsmuna af því að tryggja skilvirkt eftirlit í skattálagningsarkyni, hins vegar. Ekki hefði því verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Tveir dómáttarar skiluðu séráliti.

### **M.K. gegn Frakklandi**

**Dómur frá 18. apríl 2012**

**Mál nr. 19522/09**

### **8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

*Söfnun og vistun fingrafara. Skilyrði varðveislu. Meðalhóf.*

#### **1. Málsatvik**

Kærandi, M.K., er franskur ríkisborgari. Hann er fæddur árið 1972 og býr í París. Lögreglan í París tók tvisvar fingraför af kæranda á árunum 2004 og

2005 er hún rannsakaði meint þjófnaðarbrot hans. Um var að ræða tvö mál og var kærandi sýknaður í öðru tilvikinu en í hinu tilvikinu var ekki gefin út ákæra og málið felld niður. Árið 2006 fór kærandi fram á að fingraför hans yrðu afmáð úr gagnagrunni lögreglunnar. Á það var fallist vegna tilviksins sem lyktaði með sýknu kæranda. Þar sem beiðni kæranda var hafnað í hinu tilvikinu krafðist kærandi þess fyrir frönskum dómstólum að fingraförin yrðu afmáð úr gagnagrunnum lögreglunnar. Á það var ekki fallist.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn réttindum hans samkvæmt 8. gr. sáttmálans þar sem upplýsingar um hann væru vistaðar í gagnagrunnum lögreglu án hans samþykkis. Hann hélt því einnig fram að brotið hefði verið gegn 6. gr. sáttmálans.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn taldi að sú aðgerð frönsku lögreglunnar að geyma fingraför kæranda í fingrafaraskrá fæli í sér takmörkun á rétti hans til einkalífs. Takmörkunin hefði verið reist á heimild í lögum og stefndi að því lögmæta markmiði að koma í veg fyrir glæpi. Dómstóllinn tók engu að síður fram að réttur manns til persónulegra upplýsinga væri afar mikilvægur hluti réttar hans til einkalífs. Þetta ætti sérstaklega við þegar gagnavinnslan væri sjálfvirk og í þágu löggæslu. Lög yrðu að tryggja að slík gagnavinnsla væri nauðsynleg og gengi ekki lengra en þörf væri með hliðsjón af markmiði hennar.

Dómstóllinn benti á að ef fallist yrði á réttmæti slíkrar upplýsingasöfnunar án skilyrða væri lögreglu í raun heimilt að afla og vista mjög mikið magn persónuupplýsinga um alla borgara. Auk þess væri hvergi kveðið á um hlutverk lögreglu hvað þetta varðaði í frönskum lögum.

Dómstóllinn benti á að löggjöfin sem laut að upplýsingasöfnuninni miðaði að því að auðvelda lögreglu að hafa upp á einstaklingum í tengslum við sakamál, án þess þó að slík leit væri takmörkuð við einstaklinga sem hefðu framið afbrot. Þá væri ekki gerður greinarmunur á málum sem snertu alvarleg brot og málum um léttvægari brot. Loks virtist fingraförum vera safnað jöfnum höndum frá þeim sem grunaðir hefðu verið um brot og þeim sem fengið hefðu refsíðisdom fyrir brot. Þetta síðasta atriði væri til þess fallið að hafa áhrif á stöðu þeirra sem hefðu ekki verið sakfelldir fyrir brot. Að endingu tók dómstóllinn fram að löggjöfin sem málið varðaði veitti þeim sem ættu fingraför í gagnagrunni lögreglu ekki nægjanlega vernd og benti í því samhengi á hversu erfitt væri að fá fingraförin tekin úr gagnagrunninum.

Í ljósi þessa taldi dómstóllinn að franskir dómstólar hefðu farið út fyrir svigrúm sitt til mats og ekki tekið nægjanlegt tillit til hagsmuna kæranda andspænis almannahagsmunum. Var því talið að brotið hefði verið meðalhóf gagnvart kæranda og að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

**Saint-Paul Luxembourg S.A. gegn Lúxemborg**

**Dómur frá 18. apríl 2012**

**Mál nr. 26419/09**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

**10. gr. Tjáningarfrelsi**

***Fjölmíðlar. Húsleit. Heimildarmenn blaðamanns.***

## **1. Málsatvik**

Kærandi, Saint-Paul Luxembourg S.A., er útgáfufélag með aðsetur í Lúxemborg. Þann 17. desember 2008 birti dagblað í eigu kæranda grein um aðstæður foreldra sem misst hafa forsjá barna sinna. Í greininni var fjallað um félagsráðgjafa sem sá um mál tveggja unglinga. Í greininni komu fram nöfn þeirra einstaklinga sem fjallað var um. Viðkomandi félagsráðgjafi kvartaði yfir umfjölluninni til yfirmanns síns sem kærði atvikið til lögreglu.

Í janúar 2009 hóf ákærvaldið rannsókn á málinu og í mars sama ár gaf rannsóknardómari út húsleitarheimild hjá dagblaði kæranda. Markmið rannsóknarinnar var m.a. að finna út hvaða blaðamaður hafði ritað greinina sem málið snerist um. Þegar lögregla hafði fengið þær upplýsingar krafðist hún þess að blaðamaðurinn afhenti sér vinnugögn sem hann hafði notað við ritun greinarinnar. Samkvæmt lögregluskýrslu hafði lögregla sýnt blaðamanninum húsleitarheimildina til að sýna honum fram á að ef hann yrði ekki samstarfsfús gæti lögreglan þvingað hann til samstarfs og lagt hald á gögnin. Blaðamaðurinn afhenti gögnin og leit lögreglan svo á að hann hefði gert það af fúsum og frjálsum vilja. Aldrei hefði verið nein hættá á að blaðamaðurinn yrði þvingaður til að gefa upp nöfn heimildarmanna sinna.

Í maí 2009 leituðu kærandi og blaðamaðurinn til dómstóla og kröfðust þess að húsleitarheimildin yrði úrskurðuð ólögmæt og haldlagningu ýmissa gagna aflétt. Dómstólar höfnuðu kröfu kæranda.

## **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

### ***Kæran***

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans þar sem húsleit á dagblaði kæranda bryti gegn friðhelgi heimilis kæranda og hefði brotið gegn meðalhófi. Þá taldi kærandi að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans þar sem aðgerðir lögreglu hefðu miðað að því að finna hverjir væru heimildarmenn blaðamanns.

### ***Niðurstaða***

Um 8. gr.: Dómstóllinn taldi ljóst að aðgerð lögreglu hefði miðað að því að finna út hverjir hefðu verið heimildarmenn blaðamanns. Aðgerðin hefði miðað að því lögmæta markmiði að koma í veg fyrir glæpi en einnig að vernda réttindi annarra, enda hefði grein blaðamannsins fjallað um málefni tilgreindra einstaklinga. Talið var að húsleitarheimildin sem málið laut að hefði þurft að vera takmarkaðri og að hún hefði veitt lögreglu of viðtæka heimild miðað við

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

að gögn málsins voru tiltölulega skýr um það hver hefði skrifað greinina. Var því talið að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

Um 10. gr.: Dómstóllinn benti á að húsleitarheimildin hefði veitt lögreglu aðgang að upplýsingum sem blaðamaðurinn hefði ekki ætlað sér að birta og gáfu lögreglu möguleika á að greina heimildarmenn hans. Heimildin hefði verið mjög opin og veitt lögreglu rúma heimild til að leita að gögnum. Þetta hefði gert lögreglu kleift að finna út hverjir hefðu aðstoðað blaðamanninn við gerð greinarinnar. Miðað við markmið rannsóknaraðgerðanna hefði heimildin verið of rúmt orðuð og hefði því verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

### Gross gegn Sviss

**Dómur frá 14. maí 2011**

**Mál nr. 67810/10**

### 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

*Réttur til að deyja. Jákvæðar skyldur.*

#### 1. Málsvik

Kærandi, Alda Gross, er svissneskur ríkisborgari, fædd árið 1931. Hún hefur átt þá ósk í nokkur ár að fá að binda enda á líf sitt. Þrátt fyrir að hún sé ekki haldin tilteknum sjúkdómum, vill hún ekki una við þá lífskjaraskerðingu sem líkamleg og andleg hrörnun sökum elli hefur í för með sér. Eftir að hafa árangurslaust reynt að fá lækna til að ávísar lyfjum sem hún gæti notað til að stytta sér aldur, sendi hún inn umsókn um slík lyf til heilbrigðisyfirvalda. Umsókn hennar var hafnað í apríl 2009 og var sá úrskurður staðfestur af dómstóli í apríl 2010 með þeim rökum að ríkinu bæri ekki skylda til þess að sjá borgurum sínum fyrir slíkum lyfjum.

#### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

##### *Kæran*

Kærandi taldi að ákvörðun svissneskra yfirvalda um að neita henni um ráð til þess að enda líf sitt, fæli í sér brot gegn 8. gr. sáttmálans og friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

##### *Niðurstaða*

Dómstóllinn tók fram að óskir Gross um að fá afhent lyf sem gætu bundið enda á líf hennar, gætu fallið undir rétt hennar til einkalífs skv. 8. gr. sáttmálans. Vísaði dómstóllinn því til rökstuðnings til niðurstöðu sinnar í máli *Haas gegn Sviss* (31322/07). Dómstóllinn leit til þess að samkvæmt svissneskum hegningarlögum væri aðeins refsivert að veita aðstoð við sjálfsmorð, ef slíkt væri gert af eigingjörnum hvötum. Væri þarlandum læknum heimilt að ávísar banvænum lyfjum ef sjúklingar uppfylltu ákveðin skilyrði. Þau skilyrði var að finna í siðareglum svissnesku læknasamtakanna og fólu meðal annars í sér að reynt væri að leita annarra leiða til að bæta úr ástandi sjúklingsins og að sjúklingurinn væri algjörlega fær um að taka sjálfur slíka ákvörðun um að

---

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

---

binda enda á líf sitt. Þessi skilyrði voru ekki gefin út af opinberri stofnun og teldust því ekki til settra laga, og áttu aðeins við í tilfellum þar sem sýnt væri fram á að sjúklingur væri sannarlega dauðvona. Tilfelli kæranda féll því ekki undir þau skilyrði sem sett voru í siðareglunum. Svissneska ríkið lagði ekki fram neinar aðrar verklagsreglur sem gætu átt við þegar læknar tækju ákvörðun um ávísun banvænna lyfja. Dómstóllinn taldi að skortur á slíkum leiðbeiningarreglum gæti haft letjandi áhrif á lækna að ávísu slíkum lyfjum þegar þeirra væri leitað, líkt og í þessu tilfelli, þar sem þeir vildu forðast dómsmál og álitshnekki. Sú óvissa sem þetta hafði í för með sér væri til þess fallin að valda kæranda umtalsverðum andlegum þjáningum, sem hefði mátt afstýra ef leiðbeiningarreglur frá yfirvöldum hefðu verið til staðar. Því taldi dómstóllinn að svissnesk löggjöf hefði ekki falið í sér nægjanlega skýrar leiðbeiningar um þau tilvik þar sem læknum væri heimilt að ávísu banvænum lyfjum til sjúklinga. Þannig hafi sá réttur sem svissnesk lög veittu sjúklingum til að binda enda á líf sitt ekki verið skýrlega afmarkaður, og því væri um að ræða brot gegn 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók þó ekki afstöðu til þess hvort kærandi hefði átt sjálfstæðan rétt til að fá slíkum lyfjum ávísað, heldur væri undir aðildarríkjum komið að setja skýrar reglur um hvenær sá réttur væri fyrir hendi.

---

## 9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

---

**Eweida o.fl. gegn Bretlandi**

**Dómur frá 15. janúar 2013**

**Mál nr. 48420/10, 36516/10, 51671/10 og 59842/10**

**9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi**

**14. gr. Bann við mismunun**

*Trúarskoðanir. Samkynhneigðir. Atvinnumissir.*

### 1. Málsatvik

Kærendur eru Nadia Eweida, fædd 1951, Shirley Chaplin, fædd 1955, Lilian Ladele, fædd 1960, og Gary McFarlane, fæddur 1961. Þau eru öll breskir ríkisborgarar.

### Chaplin og Eweida

Kærendur telja það mikilvægan þátt í trúariðkun sinni að bera kross í hálsfesti sem er sýnilegur öðrum. Eweida hefur frá árinu 1999 unnið í hlutastarfi við innritun flugfarþega fyrir flugfélagið British Airways. Við starfið var henni skylt að klæðast einkennisbúningi félagsins. Í reglum flugfélagsins um klæðaburð starfsfólks var gerð krafa um að konur klæddust hnepptri skyrtu ásamt bindi og voru allir sýnilegir skartgripir bannaðir. Í reglunum var tiltekið að ef starfsmenn vildu bera skartgripa eða tákni sem væru nauðsynleg vegna

trúar þeirra, yrði að bera slíkt innan klæða. Væri það ekki hægt þyrfti að fá sérstakt leyfi til að bera hlutina utan klæða. Fram til maí 2006 bar Eweida litinn silfurkross um hálsinn undir einkennisbúningi sínum, en hóf þá að bera krossinn utan klæða. Í september 2006 var hún send í launalaust leyfi frá vinnu fyrir brot gegn starfsreglum fyrirtækisins um klæðaburð. Í október sama ár var henni boðið skrifstofustarf innan fyrirtækisins, þar sem hvorki var krafist einkennisbúnings né beinna samskipta við viðskiptavini. Hún neitaði að taka því starfi. Í febrúar 2007 sneri hún aftur til vinnu, þegar flugfélagið hafði breytt reglum sínum og leyft starfsfólki að bera sýnileg trúartákn.

Chaplin starfaði sem hjúkrunarfræðingur á sjúkrahúsi á árunum 1989 til 2010, meðal annars við umönnun aldraðra. Í júní 2007 voru nýir starfsmannabúningar teknir í notkun og í kjölfar þess óskaði yfirmaður Chaplin þess að hún fjarlægði kross í hálsfesti sem hún bar. Hún leitaði leyfis til að fá að bera krossinn áfram, en var neitað á grundvelli öryggis- og hreinlætissjónarmiða. Hún var færð til í starfi í nóvember 2009 og var það starf lagt niður í júlí 2010.

Kærandur lögðu mál sitt fyrir dómstól vinnumála og kvörtuðu yfir því að þeim hefði verið mismunað á grundvelli trúarbragða. Dómstóllinn hafnaði kröfu Eweida á grundvelli þess að trúarskyldur kristinna manna krefðust þess ekki að fólk bæri kross opinberlega, heldur hafi verið um að ræða persónulegt val hennar. Hún hefði ekki heldur sýnt fram á að reglur flugfélagsins um einkennisfatnað kæmu sérstaklega illa niður á fólki kristinnar trúar. Hún áfrýjaði þessum dómi, en áfrýjun hennar var hafnað. Máli Chaplin var einnig hafnað í maí 2010 á þeim grundvelli að sjúkrahúsið hefði haft öryggissjónarmið í huga þegar henni var bannað að bera krossinn og hún hafi ekki sýnt fram á að mismunun hafi átt sér stað.

### Ladele og McFarlane

Báðir kærandur eru kristinnar trúar og eru þeirrar skoðunar að sambönd samkynhneigðra séu í andstöðu við kristna trú. Ladele starfaði hjá stofnun í London sem framkvæmdi m.a. borgaralegar hjónavígslur. Þegar ný lög um sambúð samkynhneigðra tóku gildi 2005 var henni tilkynnt af yfirmanni sínum að hún þyrfti m.a. að þjóna við borgaralegar hjónavígslur samkynhneigðra para. Eftir að hún neitaði því var henni tilkynnt árið 2007 að sú neitun bryti gegn reglum um bann við mismunun og henni sagt upp störfum.

McFarlane starfaði sem fjölskylduráðgjafi hjá einkafyrirtæki og tók m.a. að sér kynlífsráðgjöf. Árið 2007 létu yfirmenn hans ásamt öðrum ráðgjöfum í ljós áhyggjur af því að trúarskoðanir hans hefðu slæm áhrif á störf hans þegar kæmi að samkynhneigðum pörum. Eftir að mál hans var rannsakað var honum sagt upp störfum vegna þess að hann hafði ekki sinnt starfsskyldum sínum.

Kærandur báru mál sín undir dómstól vinnumála þar sem kærum þeirra var hafnað á grundvelli þess að vinnuveitendur þeirra hafi mátt krefjast þess að þeir sinntu störfum sínum á fullnægjandi hátt og að viðskiptavinum yrði ekki mismunað.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærendur töldu að uppsagnir þeirra byggðust á trúarskoðunum þeirra og því hefði verið brotið gegn réttindum þeirra samkvæmt 9. gr. og 14. gr. Mannréttindasáttmálans.

### *Niðurstaða*

Dómstóllinn lagði áherslu á að rétturinn til trúfrelsis væri mikilvægur þáttur hvers lýðræðisþjóðfélags. Ákvæði 9. gr. sáttmálans fæli í sér frelsi til þess að tjá trú sína opinberlega, þar á meðal á vinnustað. Hins vegar gæti þessi réttur sætt takmörkunum með tilliti til réttinda annarra. Það væri undir hverju aðildarríki komið hvernig þessi réttindi væru vernduð í landslögum, en hlutverk dómstólsins væri að meta hvort lögin gættu jafnræðis milli hagsmuna og réttinda manna.

### *Eweida og Chaplin*

Dómstóllinn taldi að réttur kærenda til trúariðkunar hefði verið takmarkaður með þeirri ráðstöfun að banna þeim að bera trúartákn opinberlega. Í tilviki Eweida væri um að ræða starfsmann hjá einkareknu fyrirtæki og hún hefði ekki haldið því fram að ríkið væri ábyrgt fyrir takmörkuninni sem slíkri. Því leit dómstóllinn til þess hvort landslög hefðu verndað rétt hennar til trúarlegrar tjáningar á fullnægjandi hátt. Líkt og í mörgum öðrum aðildarríkjum væru ekki lögfestar reglur í Bretlandi um rétt fólks til að bera trúartákn á vinnustöðum. Þó væri ljóst að breskir dómstólar hefðu tekið afstöðu til reglna flugfélagsins um einkennisfatnað starfsmanna og hvort meðalhófs hefði verið gætt við beitingu þeirra. Því leiddi þessi skortur á lagasetningu ekki sjálfkrafa til þeirrar niðurstöðu að réttur Eweida til trúarlegrar tjáningar hefði ekki verið verndaður nægilega. Dómstóllinn taldi þó að í niðurstöðum landsdómstóla hefði ekki verið tekið nægjanlegt tillit til trúfrelsis hennar í því hagsmunamati sem fór fram í málinu. Starfsmönnum flugfélagsins hefði í mörgum tilvikum verið heimilt að bera klæðnað trúarlegs eðlis, svo sem blæjur eða höfuðklæði. Þá hefði ákvörðun félagsins um að breyta reglum um einkennisfatnað borið með sér að bannið hefði ekki verið algjörlega nauðsynlegt. Því hefðu yfirvöld ekki veitt trúfrelsi Eweida nægjanlega vernd og í því falist brot gegn 9. gr. sáttmálans. Þá væri ekki tilefni til þess að taka fyrir kæru hennar um brot gegn 14. gr.

Í tilviki Chaplin horfði málið öðru vísi við og hún hefði verið beðin um að fjarlægja hálsfesti á grundvelli öryggis og hreinlætissjónarmiða. Mikilvægt væri að stjórnendur sjúkrahúsa gætu ákveðið hvernig öryggisreglum þar væri háttað og sættu slíkar ákvarðanir ekki endurmati dómstólsins. Því taldi dómstóllinn að bannið hefði samræmst markmiðum þess og verið nauðsynlegt í lýðræðisþjóðfélagi. Það hefði því ekki brotið gegn 9. gr. eða 14. gr. sáttmálans.

---

## 9. gr. Hugsana-, samvisku og trúfrelsi

---

Á grundvelli 41.gr. sáttmálans var breska ríkið dæmt til að greiða Eweida 2.000 evrur í miskabætur og 30.000 evrur í málskostnað.

### *Ladele og McFarlane*

Dómstóllinn tók fram að í málinu yrði að taka tillit til starfsreglna og stefnu vinnuveitanda kæranda. Þessar reglur fælu í sér það lögmæta markmið að starfsmenn mismunuðu ekki fólki á grundvelli kynhneigðar, en sá réttur væri einnig verndaður af Mannréttindasáttmálanum. Í fyrri dómum hefði dómstóllinn talið að mismunun á grundvelli kynhneigðar hafi falið í sér gróft brot gegn ákvæðum Mannréttindasáttmálans, og því væri aðildarríkjum veitt umtalsvert svigrúm þegar kæmi að því að takmarka trúarlega tjáningu vegna réttinda annarra. Því taldi dómstóllinn ekki um brot gegn 9. gr. né 14. gr. að ræða.

Fjórir dómarar skiluðu séráliti.

---

## 10. gr. Tjáningarfrelsi

---

### **Eon gegn Frakklandi**

**Dómur frá 14. mars 2013**

**Mál nr. 26118/10**

### **10. gr. Tjáningarfrelsi**

***Mótmæli. Ummæli um þjóðhöfðingja. Refsing.***

### **1. Málsatvik**

Kærandi, Hervé Eon, er franskur ríkisborgari, fæddur 1952 og búsettur í Laval í Frakklandi. Við heimsókn forseta Frakklands, Nicolas Sarkozy, þangað þann 28. ágúst 2008 veifaði kærandi litlu skilti sem á stóð „Casse-toi pov’con!“ („hypsjaðu þig, hálfviti“). Með þessu var skírskotað til margumræddra orða sem forseti hafði sjálfur viðhaft fyrr á árinu við bónda einn sem neitaði að taka í hönd hans á alþjóðlegri landbúnaðarsýningu. Hafði spunnist mikil opinber umræða og frétttaflutningur af ummælunum og þau víðar verið notuð sem slagorð við mótmæli.

Þann 6. nóvember var kærandi sakfelldur fyrir að hafa með svívirðingum við forseta Frakklands gerst brotlegur við lög og var hann dæmdur til 30 evra skilorðsbundinnar sektar, enda ætlun hans talin bersýnilega hafa verið sú að vega að heiðri þjóðhöfðingjans. Staðfesti áfrýjunardómstóll dóminn og rakti m.a. að kærandi, sem væri sósíalískur aðgerðasinni og fyrrverandi sýslufulltrúi, hefði skýrt svo frá fyrir dómi að þegar atvikið varð hefði hann verið bitur vegna málalýkta langrar baráttu sinnar til stuðnings tyrkneskri fjölskyldu sem dvaldi ólöglega í Frakklandi. Áfrýjun kæranda til Hæstaréttar Frakklands var vísað frá.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærandi hélt því fram að með sakfellingunni fyrir að vega að heiðri Frakklandsforseta hefði verið brotið gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. Mannréttindasáttmálans.

### *Niðurstaða*

Dómstóllinn leit svo á að sakfelling kæranda hefði falið í sér „afskipti stjórnvalda” af rétti hans til tjáningarfrelsis. Hún hefði hvílt á lagaheimild og stefnt að því lögmæta markmiði að vernda mannorð annarra. Þótt dómstóllinn féllist á að ummælin, tekin bókstaflega, hefðu vegið að heiðri Frakklandsforseta, þá bæri að skoða þau í heildarsamhengi málsins.

Dómstóllinn beindi sjónum fyrst og fremst að því jafnvægi sem gæta yrði milli takmörkunar tjáningarfrelsis kæranda og frjálsrar umræðu um málefni sem vörðuðu almenning. Dómstóllinn taldi tilvísun kæranda til þessara ummæla forsetans hvorki hafa beinst gegn einkalífi forseta og æru né heldur verið tilefnislaus árás á persónu hans. Að því virtu að áfrýjunardómstóllinn hefði litið til tengsla á milli stjórn málaafstöðu kæranda og mótmæla hans, leit dómstóllinn svo á að gagnrýni kæranda hefði verið pólitíski eðlis. Veitti 10. gr. sáttmálans lítið svigrúm til takmörkunar frelsisins til tjáningar á sviði stjórn mála. Dómstóllinn ítrekaði að stjórn málamenn gerðu sig óhjákvæmilega berskjaldaða fyrir því að almenningur fylgdist náið með orðum þeirra og gerðum. Yrðu þeir því öðrum fremur að una gagnrýni.

Með því að endurtaka óviðeigandi ummæli forsetans sjálfs, sem áður hefðu fengið mikla fjölmiðlaumfjöllun og almenningsumtal, oft með skopblæ, hefði kærandi kosið að beita háðsádeilu. Slíkt tjáningar- og umfjöllunarform hefði það markmið að ögra og raska ró manna. Yrði því að fara með mikilli aðgát, ætti að hefta réttinn til slíkrar tjáningar. Refsingar fyrir háttsemi af því tagi sem kærandi hefði viðhaft væru líklegar til að hafa fælandi áhrif á háðsádeilur í umræðu um málefni sem varða almenning sem væri grundvallaratriði í lýðræðisþjóðfélagi.

Sakfelling kæranda hefði verið úr hófi miðað við það markmið sem stefnt var að og ónauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Hefði því verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi nægilegar bætur fyrir miska kæranda felast í niðurstöðunni um brot gegn 10. gr. sáttmálans.

Tveir dómarar skiluðu sérálitum og einn dómari skilaði yfirlýsingu.

**Saint-Paul Luxembourg S.A. gegn Lúxemborg**

**Dómur frá 18. apríl 2012**

**Mál nr. 26419/09**

**Sjá reifun dómsins undir 8. gr.**

***Fjölmiðlar. Húsleit. Heimildarmenn blaðamanns.***

## **Animal Defenders International gegn Bretlandi - Yfirdeild**

**Dómur frá 22. apríl 2012**

**Mál nr. 48876/08**

**10. gr. Tjáningarfrelsi**

***Fjölmíðlalög. Auglýsingabann. Stjórnmalastarfsemi.***

### **1. Málsatvik**

Kærandi er bresku félagasamtökin *Animal Defenders International*. Markmið samtakanna er meðal annars að vernda dýr gegn þjáningum. Berjast samtökin gegn því að dýr séu notuð í viðskiptum, vísindum eða í skemmtana-  
iðnaði og þau vinna að því að hafa áhrif á opinbera stefnumótun og löggjöf um þessi málefni. Vegna þessa eiga þau ekki kost á að vera skráð sem góðgerðafélag.

Árið 2005 hófu samtökin að berjast gegn því að primatar væru notaðir í dýragörðum, sirkusum og auglýsingum. Nefnd um eftirlit með auglýsingum í ljósvakamiðlum bannaði samtökunum að birta sjónvarpsauglýsingu þar sem stúlkur voru sýndar hlekkjaðar í dýrabúri og var talið að auglýsingin færi í bága við ákvæði fjölmíðlalaga. Vísað var til þess að samtökin hefðu stjórnmalalegan tilgang og að lög bönnuðu sjónvarpsauglýsingar slíkra samtaka. Breskir dómstólar staðfestu ákvörðunina. Vísað var til þess að markmið löggjafarinnar væri að koma í veg fyrir að aðilar gætu í krafti fjármagns stjórnað almenn-  
ingsumræðunni. Auglýsingin var hins vegar birt á internetinu.

### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

#### ***Kæran***

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans þar sem samtökin hefðu verið hindruð í að koma auglýsingum sínum á framfæri í sjónvarpi og útvarpi án nægjanlegrar réttlætningar.

#### ***Niðurstaða***

Aðilar málsins voru sammála um að bæði löggjöfin og kærandi hefðu það að markmiði að halda uppi frjálsum umræðum í anda fjölhyggju og stuðla að lýðræðislegu ferli. Báðir aðilar töldu að þetta væru lögmæt markmið. Dómstóllinn taldi því nauðsynlegt að skera úr um hvort bannið sem málið laut að gengi of langt í að takmarka aðgang að lýðræðislegri umræðu. Kærandi hefði rétt á að koma upplýsingum og skoðunum sínum á framfæri og almenn-  
ingur rétt á að taka við þeim. Aftur á móti hefðu yfirvöld hug á að vernda lýðræðislega umræðu og lýðræðislegt ferli gegn fjársterkum aðilum sem stýrðu umræðunni í krafti fjármagns með áhrifum og aðgangi að fjölmíðlum.

Dómstóllinn benti á að það regluverk sem komið hefði verið á fót í Bretlandi um fjölmíðla hefði fengið mikla umfjöllun hjá löggjafar- og dómsvaldinu. Ítarlegt mat hefði farið fram áður en löggjöfin var samþykkt. Allir stjórn-  
málaflokkar hefðu samþykkt löggjöfina og enginn þingmaður greitt atkvæði á móti henni.

## 10. gr. Tjáningarfrelsi

---

Dómstóllinn taldi að enda þótt nýir miðlar hefðu dregið úr mikilvægi ljósvakamiðlanna drægi það ekki úr heimildum ríkisvaldsins til að setja reglur sem takmörkuðu aðgang að þeim miðlum sérstaklega. Auglýsendur væru enn tilbúnir að greiða háar fjárhæðir til að koma skilaboðum sínum á framfæri hjá slíkum miðlum, og margir þeirra ættu mun fremur kost á að gera það en frjáls félagasamtök. Þá væru reglurnar ekki jafn strangar varðandi auglýsingar stjórnmalaflokka, en þeir væru helstu stofnanir hins lýðræðislega ferlis. Ef reglurnar gæfu meira svigrúm til stjórnmalalegra auglýsinga væri meiri hætta á misnotkun.

Að því er varðaði áhrif bannsins tók dómstóllinn fram að það tæki einungis til auglýsinga og kærandi hefði enn möguleika á að koma skilaboðum sínum á framfæri eftir öðrum leiðum. Kærandi gæti komið skoðunum sínum á framfæri í umræðuþáttum ljósvakamiðlanna eða með því að auglýsa í öðrum miðlum, eins og prentmiðlum, internetinu, samfélagsmiðlum, mótmælum, veggspjöldum og bæklingum. Þá benti dómstóllinn á að sá þáttur í starfsemi kæranda sem ekki taldist til stjórnmalastarfsemi, heldur góðgerðafélags, gæti auglýst í ljósvakamiðlum.

Dómstóllinn tók loks fram að þótt þróun á alþjóðavettvangi væri í þá átt að slaka á reglum um stjórnmalaauglýsingar væri engin samstaða um slíkt á evrópskum vettvangi. Margs konar aðferðum væri beitt meðal aðildarríkja sáttmálans við reglusetningu um efnið, enda væri sögulegur bakgrunnur þeirra margs konar. Þess vegna væri svigrúm breskra yfirvalda til mats vítt.

Af þessum sökum taldi dómstóllinn að bann við auglýsingum kæranda hefði ekki brotið í bága við meðalhóf og að ekki hefði verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

---

## 14. gr. Bann við mismunun

---

**X o.fl. gegn Austurríki**

**Dómur frá 19. febrúar 2013**

**Mál nr. 19010/07**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

**14. gr. Bann við mismunun**

***Samkynhneigðir. Stjúptættleiðingar.***

### 1. Málsatvik

Kærendur eru tvær austurrískar konur, A og B, fæddar 1967, og X, sonur A, fæddur 1995. Þær eru samkynhneigðar og eru í sambúð. X er fæddur utan hjónabands og A hefur fulla forsjá yfir honum. A og B fara saman með uppeldi drengsins.

Til að skapa lagaleg tengsl milli B og X sóttu kærendur um að B ættleiddi X í febrúar 2005 en beiðninni var hafnað. Dómstóll staðfesti þá niðurstöðu

með vísan til lagareglna sem mæltu fyrir um að ef einstaklingur vildi ættleiða barn, kæmi hann í stað þess einstaklings sem væri af sama kyni sem foreldri barnsins. Því væri ómögulegt samkvæmt lögum að barn ætti tvo foreldra af sama kyni. Kröfu A og B var vísað frá af áfrýjunardómstóli í febrúar 2006. Sá dómstóll ályktaði að þótt foreldrar væru ekki skilgreindir í lögum, gerðu þau skýrlega ráð fyrir að foreldrar barns væru karl og kona. Hæstiréttur landsins vísaði málinu frá á þeim grundvelli að lagalegur ómöguleiki væri fyrir því að maki móður af sama kyni ættleiddi barn móðurinnar. Vísaði hann svo til þess að lögin bæru þess engin merki að vera andstæð stjórnarskrá.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærendur byggðu kæru sína á 14. gr., sbr. 8. gr. sáttmálans og töldu að sér hefði verið mismunað á grundvelli kynhneigðar A og B. Kæran byggist á því að engar hlutlægar eða málefnalegar ástæður búi að baki því að leyfa gagnkynhneigðum maka að ættleiða barn maka, en ekki samkynhneigðum.

### *Niðurstaða*

Dómstóllinn áréttaði að kærendur væru fjölskylda í skilningi 8. gr. sáttmálans. Þar af leiðandi gæti 14. gr., sbr. 8. gr. átt við í þessu máli. Áttu kærendur því sameiginlega hagsmuni sem heimiluðu þeim að standa saman að kærunni.

Dómstóllinn vísaði til niðurstöðu sinnar í málinu Gas og Dubois gegn Frakklandi frá 2012 og tók fram að samkynhneigð pör þar sem annar aðilinn vildi ættleiða barn hins væru ekki í sambærilegri stöðu og hjón, enda legði sáttmálinn ekki þá skyldu á ríki að leyfa hjónaband samkynhneigðra. Í þessu máli voru kærendur ekki í sambærilegri stöðu og hjón, er því ekki um brot að ræða á 14. gr., sbr. 8. gr. í samanburði við rétt giftra til að ættleiða börn maka sinna.

Dómstóllinn féllst á þau rök að kærendur væru í nokkuð sambærilegri stöðu og ógiftir einstaklingar af hvoru kyni í sambandi þegar að maki foreldris vildi ættleiða barnið. Austurríska ríkið hélt því ekki fram að ógiftir gagnkynhneigðir einstaklingar í sambandi nytu annarrar lagalegrar stöðu en ógiftir samkynhneigðir einstaklingar. Samþykktu þeir með því þau sjónarmið að samkynhneigðir og gagnkynhneigðir væru almennt séð jafnhæfir til að ættleiða.

Lög í Austurríki gerðu ráð fyrir að maki einstaklings sem er af gagnstæðu kyni gæti ættleitt barn þess án þess að kynforeldrið missti lagaleg tengsl sín við barnið. Þetta var hins vegar lagalega ómögulegt fyrir samkynhneigð pör. Ættleiðingalöggjöfin gerði þannig ráð fyrir því að ættleiðandi kæmi í stað foreldris af sama kyni.

Dómstóllinn féllst ekki á þá röksemd austurríska ríkisins að þessi synjun hefði verið alls óháð kynhneigð kærenda. Engin rannsókn hafði farið fram

---

#### 14. gr. Bann við mismunun

---

á högum kæranda við meðferð málsins fyrir austurrískum dómstólum. Áfrýjunardómstóllinn hafði einmitt skilgreint foreldra sem tvo einstaklinga af gagnstæðu kyni og ítrekað mikilvægi þess að barn haldi samskiptum við báða foreldra sína við þær aðstæður. Hæstiréttur Austurríkis hafði staðfest þessa niðurstöðu. Þannig hafði í raun aldrei farið fram mat á hvað væri barninu fyrir bestu.

Samkvæmt 8. gr. sáttmálans hvílir engin skylda á aðildarríkjum til að heimila maka að ættleiða barn hins þegar par er ekki í hjúskap. Þar sem austurrísk lög heimila ættleiðingu við þær aðstæður varð að meta hvort bann við því að samkynhneigð pör fengju sömu heimild stefndi að lögmætu markmiði og hvort bannið væri í eðlilegum tengslum við þá hagsmuni sem vernda átti.

Austurríska ríkið hélt því fram að ættleiðingalöggjöfinni væri ætlað að skapa aðstæður sem svipaðastar líffræðilega eðlilegri fjölskyldu. Dómstóllinn féllst á að slíkt markmið gæti í sjálfu sér verið lögmætt, hins vegar þurfti þá að sýna fram á að mismununin væri nauðsynleg til að ná því markmiði. Ekki hafði tekist að sýna fram á að það væri skaðlegt barni að alast upp hjá tveimur mæðrum eða tveimur feðrum, enn fremur var mögulegt samkvæmt lögnum að samkynhneigður einstaklingur ættleiddi barn. Gerðu því lögin ráð fyrir að börn gætu alist upp hjá samkynhneigðum, en hjá samkynhneigðu pari gætu ekki báðir aðilarnir notið lagalegrar stöðu foreldris.

Dómstóllinn taldi því að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 14. gr., sbr. 8. gr. Kærendum voru með tilvísan til 41. gr. dæmdar 10.000 evrur í miskabætur og 28.420,88 evrur í málskostnað.

---

#### 18. gr. Takmörkun á skerðingu réttinda

---

**Tymoshenko gegn Úkraínu**

**Dómur frá 30. apríl 2012**

**Mál nr. 49872/11**

**Sjá reifun dómsins undir 5. gr.**

*Skilyrði gæsluvarðhalds. Skaðabætur. Aðbúnaður í fangelsi. Heilsufar fanga.*

---

#### 1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

---

**N.K.M. gegn Ungverjalandi**

**Dómur frá 14. maí 2013**

**Mál nr. 66529/11**

**1. gr. 1. viðauka – Friðhelgi eignarréttar**

*Ríkissvarfsmenn. Biðlaun. Skattlagning. Meðalhöf.*

## 1. Málsatvik

Kærandi, sem hafði verið ríkisstarfsmaður í Ungverjalandi í 30 ár, var sagt upp störfum 27. maí 2011 og tók uppsögnin gildi 28. júlí 2011. Við uppsögnina átti hún rétt á launagreiðslum fyrir mánuðina júní og júlí, greiðslum fyrir ónýtt orlof og átta mánaða biðlaunum. Þessar tekjur hennar voru skattlagðar í samræmi við lög sem sett voru 14. maí 2011, sem hækkuðu skattprósentu af biðlaunum frá ríkinu. Þetta leiddi til þess að hún þurfti að greiða 52% tekjuskatt af biðlaunum sínum, á meðan tekjuskattur almennra launa var í kringum 16%.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærandi taldi að þessi skattheimta fæli í sér skerðingu á eignarréttindum hennar og bryti gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans um friðhelgi eignarréttarins.

### *Niðurstaða*

Dómstóllinn taldi að réttur til biðlauna teldist til eignarréttinda í skilningi 1. gr. 1. viðauka sáttmálans, þar sem um væri að ræða áunnin réttindi kæranda. Skattheimtan fæli í sér takmörkun á rétti kæranda til að njóta eigna sinna í friði, en teldist ekki vera afturvirk, þar sem kæranda var tilkynnt um uppsögnina tíu vikum eftir að umrædd lög tóku gildi. Dómstóllinn taldi að löggjöfin hefði stefnt að því lögmæta markmiði að koma í veg fyrir óhófleg útgjöld hins opinbera. Þá beindi dómstóllinn sjónum sínum að því hvort í skattalöggjöfinni væri gætt meðalhófs og hvort hún samræmdist þeim markmiðum sem hún stefndi að. Hann tók fram að aðildarríkin hefðu umtalsvert svigrúm þegar kæmi að því að ákveða tilhögun skattheimtu á borgarana. Í þessu tilviki væri 52% skattur á biðlaun umtalsvert hærri en sá skattur sem lagður var á almenn laun, þar á meðal á biðlaun þeirra sem unnu í einkageiranum. Hér bæri einnig að líta til þeirrar verulegu röskunar á persónuhögum kæranda sem skattheimtan hafði í för með sér, til viðbótar við það tekjutap sem hún yrði fyrir vegna atvinnumissis. Dómstóllinn taldi því að kærandi og aðrir borgarar sem hafi verið í sömu stöðu hafi þurft að bera óhóflegar byrðar og ekki hafi verið gætt meðalhófs við skattlagninguna. Þá hafi henni ekki verið gefin aðlögunartími að þessu breytta fyrirkomulagi skattheimtunnar. Því taldi dómstóllinn að þessi skattheimta, þar sem skattprósenta var umtalsvert hærri en sú prósentá sem var við lýði þegar réttindanna var aflað, fæli í sér umtalsverða skerðingu á þeim réttindum sem 1. gr. 1. viðauka sáttmálans var ætlað að vernda og að ekki hafi verið gætt meðalhófs við að ná fram markmiðum löggjafarinnar.

Á grundvelli 41.gr. sáttmálans var ungverska ríkið dæmt til að greiða kæranda 11.000 evrur í bætur.

---

## 2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

---

**Tarantino o.fl. gegn Ítalíu**

**Dómur frá 2. apríl 2013**

**Mál nr. 24851/09**

**2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar**

***Háskólar. Aðgangstakmarkanir.***

### 1. Málsvik

Kærendur eru ítalskir ríkisborgarar, fæddir á árunum frá 1966 til 1988. Í hópi þeirra er Claudia Tarantino, fædd árið 1988. Hún býr í borginni Palermo á Ítalíu.

Takmarkaður fjöldi umsækjenda kemst að í vissum námsgreinum ítalskra háskóla. Á þetta bæði við um einkarekna og ríkisrekna háskóla, m.a. í greinum eins og læknisfræði og tannlækningum. Þurfa umsækjendur að þreyta inntökupróf þar sem einungis þeir sem ná hæstu einkunnum fá inngöngu í viðkomandi nám.

Á árunum 2007, 2008 og 2009 reyndi kærandinn Claudia Tarantino endurtekið að ná inntökuprófi við læknaskólann í Palermo. Aðrir kærendur höfðu til nokkurra ára starfað við tannsmíðar áður en þeir þreyttu inntökupróf í tannlækningum. Sex þeirra hafði ekki tekist að ná inntökuprófi við tannlækna-skóla árið 2009 þrátt fyrir að þeir hefðu umtalsverða þekkingu á sínum sviðum. Einn kærandi, Marcuzzo, náði inntökuprófi en var vísað úr skóla þar sem hann tók ekki próf í átta ár samfleytt.

Enginn kærenda lét reyna á mál sitt fyrir ítölskum dómstólum, enda töldu þeir ljóst að slíkt myndi ekki bera árangur.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### ***Kæran***

Kærendur héldu því fram að brotið hefði verið á rétti þeirra til menntunar samkvæmt 2. gr. 1. viðauka við sáttmálann þar sem þeim hafði verið meinað að sækja það nám sem þeir höfðu hug á að stunda vegna fjöldatakmakana í námsgreinum sem þeir vildu stunda.

#### ***Niðurstaða***

Dómstóllinn taldi nægjanlega sýnt fram á að ítalskir dómstólar myndu ekki fallast á þau sjónarmið sem kærendur héldu fram í málinu. Voru kærurnar því tækar til efnismeðferðar þótt kærendur hefðu ekki látið á mál sín reyna fyrir ítölskum dómstólum.

Dómstóllinn taldi að þær takmarkanir sem kærurnar lutu að hefðu verið fyrirjáanlegar og stefnt að því lögmæta markmiði að tryggja að útskrifaðir nemendur væru vel menntaðir.

## 2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

---

Að öðru leyti fjallaði dómstóllinn einkum um það hvort fjöldatakmörk-  
anirnar hefðu verið í samræmi við meðalhóf. Talið var að gætt hefði verið  
meðalhófs með því að nota próf sem aðferð til að finna hæfustu umsækj-  
endurna til að ná því markmiði að tryggja lágmarksþekkingu nemenda í  
viðkomandi fögum. Þörf samfélagsins til að takmarka fjölda starfa í þessum  
greinum og að fá þar sem best menntaða einstaklinga hefði legið til grund-  
vallar því fyrirkomulagi sem kærendur töldu að bryti gegn réttindum þeirra.  
Taldi dómstóllinn að ítölsk yfirvöld hefðu náð að skapa jafnvægi milli þessara  
markmiða og hagsmuna umsækjenda. Dómstóllinn tók í þessu samhengi fram  
að rétturinn til menntunar ætti einungis við að því marki sem menntun stæði á  
annað borð til boða. Hann taldi málefnalegt sjónarmið að ríkisvaldið miðaði að  
því að ekki yrði offramboð af menntuðum einstaklingum í tilteknum greinum,  
enda væri atvinnuleysi samfélagsmein. Ítölskum yfirvöldum hefði verið heimilt  
að leggja til grundvallar að stór hluti nemenda myndi að lokinni útskrift úr  
háskóla reyna að starfa á ítölskum vinnumarkaði. Loks benti dómstóllinn á  
að kærendum hefði verið kleift að stunda annað nám og þeir hefðu getað reynt  
eins oft og þeir vildu að komast inn í þær greinar þar sem fjöldi nemenda var  
takmarkaður.

Í ljósi alls þessa taldi dómstóllinn að ítölsk yfirvöld hefðu ekki farið út  
fyrir svigrúm sitt til mats í máli kærenda. Með sex atkvæðum gegn einu var því  
komist að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn 2. gr. 1. samnings-  
viðauka. Að því er varðaði kærú kærandans Marcuzzo taldi dómstóllinn  
einróma að ekki hefði verið brotið gegn sama ákvæði. Einn dómari skilaði  
sératkvæði þar sem komist var að annarri niðurstöðu að hluta.

---

## 3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

---

**Shindler gegn Bretlandi**

**Dómur frá 7. maí 2013**

**Mál nr. 19840/09**

**3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga**

***Kosningarréttur. Réttindamissir vegna búsetu erlendis.***

### 1. Málsatvik

Kærandi, sem er breskur ríkisborgari, fluttist frá Bretlandi til Ítalíu árið  
1982 og settist þar að ásamt ítalskri eiginkonu sinni. Eftir að hafa búið í 15  
ár erlendis féll kosningarréttur hans niður á Bretlandi samkvæmt þarlandum  
kosningalögum og hafði hann því ekki kosningarrétt í kosningum til breska  
þingsins.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærandi taldi að 15 ára takmörkunin á kosningarrétti ríkisborgara sem byggju erlendis fæli í sér brot gegn 3. gr. 1. samningsviðauka sáttmálans. Hann tók fram að hann hefði enn mjög sterk tengsl við heimaland sitt og lagasetning þings þess hefði mjög mikil áhrif á hagi hans, sérstaklega hvað varðaði rétt til eftirlauna, greiðslu skatta og regluverk fjármálakerfisins.

### *Niðurstaða*

Dómstóllinn tók fram að ákvæði bresku kosningalaganna um að kosningarréttur borgara sem byggju erlendis félli niður að 15 árum liðnum væru sett í því lögmæta markmiði að takmarka kosningarrétt við þá sem hefðu enn bein tengsl við landið og væru íbúar þess samfélags sem lagasetning þingsins beindist að. Þessi takmörkun fæli ekki í sér beina skerðingu á kosningarréttinum þar sem borgarar héldu kosningarrétti sínum í 15 ár og gætu endurnýjað hann með því að flytja að nýju til landsins. Þar sem kærandi hélt því fram að hvers konar takmörkun á kosningarrétti á grundvelli búsetustaðar fæli í sér brot gegn 3. gr. 1. viðauka, tók dómstóllinn fram að fallast yrði á rúmt svigrúm aðildarríkja þegar kæmi að því að setja slíkar takmarkanir og þær gætu sem slíkar verið í samræmi við 3. gr. 1. viðaukans. Þá tók dómstóllinn til skoðunar hvort þau 15 ára mörk sem sett voru í lögunum teldust vera í samræmi við kröfur um meðalhóf og í réttu hlutfalli við markmið þeirra. Dómstóllinn taldi að ekki væri raunhæft að leggja þá kröfu á aðildarríki sáttmálans að þau tækju aðstæður hvers borgara til sérstakrar athugunar þegar metið væri hvort kosningarréttur ætti að falla niður á grundvelli búsetu. Þannig taldi dómstóllinn að þegar litið væri til þessara þátta yrði að telja að kosningalögin gættu meðalhófs við að ná fram því lögmæta markmiði sem þeim var ætlað. Því væri ekki um brot gegn 3. gr. 1. viðauka að ræða.



